



**SKOÐUN** Dráp fyrir auga, morð fyrir tönn, skrifar Guðmundur Andri. **13**



**MENNING** Ástir þvers og kruss í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar á morgun. **18**



**LÍFID** Fjöldi hljómsveita tók þátt í ATP-hátíðinni sem lauk um helgina **20**



**SPORT** Hlaut sex gullverðlaun og keyrði svo heim til Akureyrar og fékk sér ís. **22**



**KitchenAid**



THE MORE YOU USE IT THE BETTER IT LOOKS

**50** 1964-2014  
Einar Farestveit & Co.hf.  
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • efi@efi.is • www.efi.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

14. júlí 2014  
163. tölublað 14. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

## FRÉTTIR



### Um 160 Palestínnumenn látnir á Gasa

Ísraelsher segir að hver sá sem ekki flýr norðurhluta Gasa sé að hætta lífi sínu. **10**

**Fleiri fangar fá ökklabönd** Páll Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar, segir árangur af ökklaböndum góðan. **2**

**Dýrt að leigja kvóta** Leiguverð á ýsu og þorski er of hátt til að það borgi sig. **6**

**Næg störf á Egilsstöðum** Bæjarstjórnin segir atvinnulífið í svo miklum blóma að það vanti fólk í unglingavinnuna. **4**



Bolungarvík	9°	NA	2
Akureyri	15°	SV	3
Egilsstaðir	14°	SA	4
Kirkjubæjarkl.	12°	SA	2
Reykjavík	14°	SV	3

**Milt** Fremur hæg suðlæg átt í dag. Rigning einkum NV-til fyrrihluta dags en víða líkur á síðdegisskúrum síst þó SA-til þar sem gæti dregið frá sólu síðdegis. **4**

## 2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk



**BIKARINN Á LOFT** Bastian Schweinsteiger, leikmaður Þjóðverja, fagnar heimsmeistaratitlinum ásamt liðsfélögum sínum á Maracana-leikvanginum í Brasilíu. Þjóðverjar hafa nú orðið heimsmeistarar fjórum sinnum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Þýskaland heimsmeistari

Þjóðverjar fögnuðu sínum fjórða heimsmeistaratitli í knattspyrnu í gærkvöldi eftir sigur á Argentínu í fram­ lengdum úrslitaleik. Lionel Messi stendur enn í skugga Maradona þrátt fyrir öll sín afrek á vellinum.

**FÓTBOLTI** Mario Götze, 22 ára gamall miðjumaður frá Mémíngi í Bæjaralandi, varð að þjóðhetju á svipstundu í Þýskalandi í gærkvöldi þegar hann tryggði Þjóðverjum heimsmeistaratitilinn í knattspyrnu með marki á 113. mínútu í framlengingu gegn Argentínu á Maracana­vellinginum í Ríó.

Þetta er í fyrsta skipti í sögunni sem varamaður skorar úrslitaleik á HM, en þótt ferillinn sé ekki einu sinni hálfnaður mun hann líklega ekki skora mikilvægara mark á ævinni. Hann fékk sendingu frá

öðrum varamanni, André Schürrle. Ekki amalegar skiptingar hjá Joachim Löw, þjálfara þýska landsliðsins. Þjóðverjar hafa nú orðið heimsmeistarar í knattspyrnu fjórum sinnum, en síðast lyftu þeir styttni árið 1990 eftir 1-0 sigur á Argentínu í úrslitaleik í Róm. Þetta er fyrsti heimsmeistaratitill samein­ aðs Þýskalands, en áður varð liðið Evrópumeistari eftir sameiningu á Englandi árið 1996.

Titillinn markar hápunkt í fjór­ tán ára uppbyggingu þýskrar knatt­ spyrnu en þar í landi var allt tekið í

gegn upp úr aldamótum vegna ófull­ nægjandi árangurs A-landsliðsins sem og unglingalandsliðanna.

Grasrótn var tekin algjörlega í gegn en það er til marks um hversu vel uppbyggingin hefur heppnast að fimm leikmenn í byrjunarliði Þýskalands í gær urðu Evrópu­ meistarar U21 árs landsliða í Malmö árið 2009. Sá sjötti, Sami Khedira, átti að byrja leikinn en meiddist í upphitun. Lionel Messi tókst ekki að hefna ófaranna frá því 1990 þegar Diego Maradona og félagar hans lutu í gras gegn Vestur-Þjóðverjum.

**4** sinnum hafa Þjóðverjar orðið heimsmeistarar. Síðast árið 1990 en fyrsta titillinn unnu þeir 1954.

Messi átti ekki góðan dag frekar en í síðustu leikjum. Honum tókst ekki að skora mark né gefa stoðsendingu í þremur síðustu leikjum Argentínu á mótinu. Hann skoraði í heildina fjögur mörk og gaf eina stoðsendingu og var eftir leikinn kjörinn besti leikmaður mótsins.

- tom / sjá síðu 22

Tillaga Landsvirkjunar að matsáætlun fyrir vindorkugarð lögð fram:

## Uppbygging kostar tugi milljarða

**VIÐSKIPTI** Gangi hugmyndir Landsvirkjunar eftir um vindorkugarð við Búrfell er líklegt að kostnaðurinn verði 36 milljarðar króna.

Landsvirkjun lagði fram til­ lögu að matsáætlun fyrir vindorkugarðinn á fimmtudag. Eins og kunnugt er áætlað fyrirtekið að reisa allt að 80 vindmyllur á 34 ferkílómetra svæði á Hafinu við Búrfell.

Þar standa fyrir tvær vind­ myllur sem reistar voru í til­ raunaskyni og hafa sýnt að aðstæður fyrir vindorkugarð eru mjög hagstæðar í alþjóðlegum samanburði. Verði af fram­ kvæmdum er hugmyndin að reisa stærri vindmyllur en standa þar

nú, eða allt að þriggja til þriggja og háls MW vindmyllur. Kostnaður við vindmyllur fer lækkandi og ef sannast að aðstæður séu jafn góðar hér eins og niður­ stöðurnar af Hafinu benda til, og vindmyllur verði samkeppnisfærar við stærri virkjanir, þá getur það breytt áherslum Landsvirk­ junar.

Landsvirkjun segir kostnaðar­ greiningu ekki lokið og ótíma­ bært að gefa upp kostnaðartölur.

Í tillögu að matsáætlun Lands­ virkjunar er tekið á nokkrum umhverfisþáttum sem hafa verið ofarlega í umræðunni víða erlendis, t.d. mögulegum fugladauða. Í matsskýrslunni kemur fram að umfangsmiklar

**80** vindmyllur verða hugsanlega reistar á 34 ferkílómetra svæði á Hafinu við Búrfell.

rannsóknir eru fyrirhugaðar. Megináhersla fuglarannsóknna í tengslum við verkefnið verður kortlagning farfugla um svæðið frá vori og fram á haust. Á rannsóknartíma verður ratsjá keyrð til þess að fylgjast með ferðum fugla á svæðinu en einnig er um að ræða beinar athuganir á vettvangi.

Ein veigamesta athugasemdin er frá Landvernd.

shá / á síðu 4

RJÓMINN AF SÝRÐA RJÓMANUM

NÝTT



GOTTIMATINN.IS

Opið allan sólarhringinn

í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka



Iceland

## SPURNING DAGSINS



Tryggvi, mælir þú með vín-drykkju?

„Ekki í of miklum mæli.“

Mikið vantar upp á að farið sé að lögum og reglum um áfengismál á veitingahúsum hér á landi og að skýrt sé fyrir kaupendum hvaða áfengismagn þeir fá afgreitt. Á yfir 90 veitingastöðum sem kannaðir voru nýlega var hvergi farið eftir öllum settum reglum. Tryggvi Axelsson hjá Neytendastofu vill einfalda kerfið.

## Grimmar æfingar skiluðu fyrsta sætinu

Þorbergur Jónsson kom fyrstur í mark í Laugavegshlaupinu. Hjóp á fjórum klukkustundum og sjö mínútum.

**ÍPRÓTTIR** „Þetta var góð tilfinning. Ég stefndi á þetta – bæði að vinna og setja brautarmet. Þannig að það var virkilega gaman að koma í mark,“ segir Þorbergur Ingi Jónsson, sem kom fyrstur í mark í hinu árlega Laugavegshlaupi og setti nýtt met, fjórar klukkustundir, sjö mínútur og fjórutíu og sjö sekúndur.

„Ég bjó mig vel undir þetta og tók grimmar, langar æfingar. Ég æfði markvisst fyrir Laugavegin í örugglega þrjá mánuði, en er annars alltaf að hlaupa,“ útskýrir Þorbergur.

„Ég æfi hlaup. Það er nú reyndar ekki hægt að lifa af því á Íslandi, þannig að þess á milli sinni ég starfi sem véla- og orkufræðingur hjá

Marel,“ segir Þorbergur, léttur í bragði.

„Svo hleyp ég þegar ég get.“

Hlaupið gekk ekki áfallalaust fyrir sig. „Ég datt einu sinni svolítið illa, en það var bara til að kveikja á mér. Ég skrapaði mig aðeins, á hné og olnboga, en ekkert sem háði mér í hlaupinu, en ég er dálítið aumur núna.“

Þorbergur segist ætla að taka aftur þátt. „Ekki endilega á næsta ári samt. Ég á nóg eftir, en þegar maður tekur svona hlaup þá þarf maður að æfa sérstaklega fyrir þau og taka sér svo hvíld á eftir. Þannig að ég vel mér hlaup sem ég ætla að ná árangri í og einblíni á þau,“ segir Þorbergur að lokum.



HLAUPAGARPUR Þorbergur er duglegur að æfa.

MYND/ÚR EINKASAFNI



**MÓTMÆLANDI Í RÍO DE JANEIRÓ** Mótmælandi með brasilíska fánann vafinn utan um sig rétt við Maracana-leikvanginn.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Þrjú hundruð mótmæltu lélegu velferðarkerfi í Brasilíu:

## Táragasi beitt fyrir utan leikvang

**BRASÍLÍA/AFP** Lögregla beitti táragasi og handsprengjum í gær til að dreifa um þrjú hundruð mótmælendum sem ætluðu að ganga að Maracana-leikvanginum rétt fyrir úrslitaleik Argentínu og Þýskalands í HM í fótbolta.

Mótmælendur voru að mótmæla kúgun lögreglu, skorti á öryggi í landinu og lélegu heilbrigðis- og menntakerfi.

Mótmælendur sögðu að heimsmeistarakeppnin væri senn á enda en að vandamál yrðu enn til staðar í landinu. Einnig vildu þeir láta leysa úr haldi nítján mótmælendur sem handteknir voru daginn áður vegna skemmdarverka.

- ebg

Hópur fólks réðist á mann:

## Barinn með golfkylfum

**LÖGREGLUMÁL** Á annan tug ungmenna, sem talið er að séu í kringum tvítugt, réðist á karlmann á fertugsaldri í Rimahverfi skömmu fyrir klukkan ellefu á laugardagskvöld og slógu hann með golfkylfum.

Maðurinn var með áverka viðs vegar um skrokkinn og bolur hans blóðugur. Hann var fluttur á slyshadeild í lögreglubifreið.

Lögreglan í Grafarvogi segir málið óupplýst, ekki er vitað hverjir voru að verki og enginn hefur verið handtekinn. Árásarmennirnir voru allir farnir þegar lögregla kom á vettvang.

- ebg

Þyrla LHG sótti göngumann:

## Féll niður af gönguleiðinni

**BJÖRGUN** Björgunarsveitir frá Hnífsdal, Bolungarvík og Ísafirði voru kallaðar út í gær eftir að tilkynning barst um slasaðan göngumann á gönguleiðinni milli Hesteyrar og Hlöðuvíkur.

Maðurinn, sem er erlendur ferðamaður og einn á ferð, var meðvitundarlítill og illa búinn. Talið er að honum hafi skrikað fótur á snjóskafli á gönguleiðinni og fallið niður.

Þegar þyrla Landhelgisgæslunnar sótti hann var hann enn með meðvitund og ekki talinn í lífshættu. Hann var þó töluvert slasaður, beinbrotinn, með höfuð-áverka og vankaður.

- ebg

## Vill að fleiri fangar fá að afplána heima

Reynsla af því að leyfa föngum að afplána heima undir rafrænu eftirliti er svo góð að fangelsismálastjóri vill rýmka útfærslu þessa úrræðis. Hægt að nota svipaða tækni þegar um nálgunarbann er að ræða eða kynferðisafbrotamenn.

**SAMFÉLAGSMÁL** „Þetta hefur gengið alveg glimrandi og ég á von á því að þetta verði rýmkað frekar,“ segir Páll Winkell, forstjóri Fangelsismálastofnunar.

Í október 2011 tók gildi breyting á lögum um fullnustu refsinga sem gerði föngum kleift að afplána síðasta hluta refsingar sinnar heima undir eftirliti. Í apríl 2012 var fyrsta ökklabandið fest á fanga og er forstjórinn svona líka ánægður með árangurinn.

„Þetta sparar þjóðfélaginu náttúrulega heilmikið en svo er þetta bara eðlileg framþróun í þessum málefnum. Það bætir engan að vera innilokaður.“

Hann sér fyrir sér að nota megi álíka tækni í tilfellum þar sem fólk er í nálgunarbann eða farbanni. Undir það tekur Ómar Örn Jónsson, framkvæmdastjóri markaðsmála hjá Öryggisþjónustunni. „Þetta er notað í slíkum tilfellum erlendis og jafnvel þegar um kynferðisafbrotamenn er að ræða. Tæknin og þekkingin er til héraðs þannig að hvað það varðar þá er ekkert því til fyrirstöðu að taka þetta upp héraðs.“

Það er Öryggismiðstöðin sem leggur til ökklabandið og sér um viðhald þess en fangaverðir vakta fangana. Að sögn Páls eru nú um tíu fangar með slík bönd.

Lögin virka þannig að sá sem hlotið hefur eins árs óskilorðsbundinn dóm getur afplánað síðasta mánuðinn undir þessu eftirliti. Sé dómurinn fimm ár getur hann afplánað fimm mánuði með þessum hætti og svo framvegis. Lengst er hægt að afplána átta



ÓMAR ÖRN MED ÖKKLABANDIÐ Þetta tæki sparar samfélaginu nokkra fúlgú og bætir aðstæður þeirra sem hafa afvegaleiðst í réttarríkinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

mánuði ökklabundinn í samfélaginu. Skýr skilyrði eru fyrir því að nýta þetta úrræði. Til dæmis má fanginn ekki hafa brotið gegn börnum. Einnig má hann ekki eiga útistandandi mál hjá lögreglu, ákærvaldi eða dómstólum.

Ökklabandið gerir vörðum ekki kleift að sjá ferðir fangans en það nemur ef hann er á dvalarstað sínum á þeim tímum sem hann skuldbindur sig til að vera þar. Það er að segja um kvöldmatarleyti og svo frá ellefu að kvöldi (nú á helgarkvöldum) til sjö í aftureldingu.

Fangar virðast sækja sífellt

„Þetta sparar þjóðfélaginu náttúrulega heilmikið en svo er þetta bara eðlileg framþróun í þessum málefnum. Það bætir engan að vera innilokaður“

Páll Winkell  
forstjóri Fangelsismálastofnunar

meira út í samfélagið. Til dæmis var á vorönn slegið aðsóknarmet þeirra í nám en 70 fangar eru nú í fjarnámi, þar af stunda fjórir háskólanám.

jse@frettabladid.is

**SÉRTILBOÐ**

Frá kr. **99.900** með allt innifalið

**Tyrkland**

Netverð á mann frá kr. 99.900 á Bitez Garden m/allt innifalið m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 137.900 á Bitez Garden m/allt innifalið m.v. 2 fullorðna í herbergi. 21. júlí í 10 nætur.

Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000  
www.heimsferdir.is

**Heimsferðir**

Forsætisráðherra vill hafa varann á varðandi áfengi í matvöruverslunum:


## Segir frjálsa sölu auka neysluna

**NEYTENDUR** Vilhjálmur Árnason, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, mun á haustþingi leggja fram frumvarp sem heimilar sölu áfengis í verslunum.

Óformleg könnun fréttastofu fyrr í vikunni leiddi í ljós að 30 þingmenn, hið minnsta, koma til með að styðja frumvarp Vilhjálms.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra tekur ekki vel í sölu áfengis í verslunum og spurður hvort hann eigi eftir að styðja frumvarpið segist hann hafa varann á.

„Á heildina litið er ekki æskilegt að rýmka aðgengi að vörum eins og áfengi. Vegna þess að það þýðir einfaldlega meiri neysla, sem er ekki æskilegt,“ segir Sigmundur en bætir við að hugsanlega mætti leyfa sölu áfengis í smærri verslunum til að bæta samkeppnisstöðu þeirra.



SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON forsætisráðherra geldur varhug við hugmyndum Vilhjálms. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Tekur hann kaupmanninn á horninu og litlar verslanir á lands-

byggðinni sem dæmi. „Þetta eru allt einhverjir hlutir til að skoða og velta fyrir sér,“ segir Sigmundur Davíð.

- gag, ebg



**4G**  
LTE

1.000 kr.  
notkun eða  
500 MB á mán.  
í 12 mán.  
fylgir.

iPhone 5s 16GB

**109.990 kr.** stgr.  
**6.690 kr.** /18 mán.



**4G**  
LTE

1.000 kr.  
notkun eða  
500 MB á mán.  
í 6 mán.  
fylgir.

iPhone 5c 16GB

**89.990 kr.** stgr.  
**5.490 kr.** /18 mán.

# INNEIGN Á SUMARIÐ HJÁ NOVA!

Ókeypis  
heimsending  
um allt land!  
Á vefverslun  
nova.is



**4G**  
LTE

1.000 kr.  
notkun eða  
500 MB á mán.  
í 6 mán.  
fylgir.

Samsung Galaxy S5

**119.990 kr.** stgr.  
**7.290 kr.** /18 mán.




**4G**  
LTE

1.000 kr.  
notkun eða  
500 MB á mán.  
í 3 mán.  
fylgir.

Samsung Galaxy S4+

**79.990 kr.** stgr.  
**4.890 kr.** /18 mán.




**4G**  
LTE

1.000 kr.  
notkun eða  
500 MB á mán.  
í 6 mán.  
fylgir.

LG G3

**109.990 kr.** stgr.  
**6.690 kr.** /18 mán.



**4G**  
LTE

1.000 kr.  
notkun eða  
500 MB á mán.  
í 3 mán.  
fylgir.

LG G2

**69.990 kr.** stgr.  
**4.290 kr.** /18 mán.

Stærsti  
skemmtistaður  
í heimi!

# NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri  
Þjónustuver 519 1919 | [www.nova.is](http://www.nova.is) | Facebook | Twitter

Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 325 kr./mán. greiðslugjald. Nánari upplýsingar á [nova.is](http://nova.is).

SVONA ERUM VIÐ



**837** fyrirtæki voru tekin til gjaldprotaskipta á tímabilinu júní 2013 - maí 2014.

Gjaldprot einkahlutafélaga hafa þannig dregist saman um 20%, samanborið við 12 mánuði þar á undan.

Heimild: Hagstofa Íslands

# Ungir og eldri hafa úr nægum störfum að velja á Egilsstöðum: Stjórna stórhýsi frá Egilsstöðum

**MANNLÍF** Erfiðlega gengur að manna Vinnuskólann á Egilsstöðum og hefur sveitarfélagið því þurft að leita til verktaaka til að koma ljá í grasið þar eystra. „Þetta er svo sem bara jákvætt,“ segir Björn Ingimarsson bæjarstjóri. „Atvinnulífið hérna er í svo miklum blóma að unglingarnir hafa úr mörgu að velja og því skila sér færri í Vinnuskólann.“ Hann segir þá sem eldri eru einnig hafa úr miklu að velja þegar kemur að atvinnumálum. Vísar hann þar til dæmis á fyrirtækjasamstey-

una Hugvang en þar eru sex fyrirtæki búnin að koma sér saman undir þakinu á gamla Kaupfélagshúsinu á Egilsstöðum. „Þar af eru tvö hugbúnaðarfyrirtæki sem eru í verkefnum erlendis,“ segir Tjörvi Hrafnkelsson Hugvangsmaður. „Annað þeirra stýrir og hefur eftirlit með loftræstingu, hitastigi og öðru í stórum byggingum í Evrópu.“ Alls hafa fjórtán starfsmenn aðsetur í gamla Kaupfélaginu. Björn segir að þar séu menn í skapandi og lifandi umhverfi



**BJÖRN INGIMARSSON BÆJARSTJÓRI** Á Egilsstöðum hafa ungmenni úr nægri vinnu að velja og pláss er fyrir skapandi fólk úr borginni hjá frumkvöðlunum í Hugvangi. MYND/GUNNAR GUNNARSSON

# Minniháttar meiðsl farþega: Full rúta fór út af veginum

**SLYS** Rúta með 26 erlendum ferðamönnum og bílstjóra fór út af veginum við Haukadalsvatn í gærdeg.

Enginn slasaðist alvarlega en nokkrir hlutu minniháttar meiðsl. Björgunarsveitin Ósk frá Búardal auk lögreglu og sjúkraliðs hlúðu að farþegum. Farþegar voru svo fluttir í hús Rauða krossins í Búardal þar sem þeim var veitt áfallahjálp.

Vegfarendur er áttu leið hjá aðstoðuðu einnig við flutning farþeganna.

# Frásagnir taldar trúverðugar: Talskonur svara Gunnari

Vegna orða Gunnars Þorsteinsonar í kjölfar dóms Héraðsdóms Reykjavíkur, frá 10. júlí síðastliðnum, í meiðyrðamáli sem hann höfð-



**GUNNAR ÞORSTEINSSON**

aði gegn tveimur konum, Vefpressunni og fyrrverandi ritstjóra Pressunnar, hafa Ásta S. H. Knútsdóttir og Sesselja E. Barðdal sent frá sér yfirlýsingu þar sem þær segja að af þeim 21 ummælum sem Gunnar krafðist ómerkingar á hafi einungis fimm verið dæmd ómerk og byggðist sá dómur fyrst og fremst á lagatæknilegum forsendum. Einungis eitt þessara ummæla taldist á ábyrgð þeirra „talskvenna“. Í yfirlýsingunni segir að öll önnur ummæli hafi staðist fyrir dómi og mat dómsins væri að frásagnir kvennanna, sem báru vitni um kynferðisbrot Gunnars, væru trúverðugar.

-ósk

Ódæðisverk í Marokkó:

# Ný glæpagengi líta dagsins ljós

**MAROKKÓ** Glæpagengi sem minna um margt á hin svokölluðu Maras-glæpagengi í Mið-Ameríku fara nú sem eldur í sinu um Marokkó. Fjallað er um málið í spænska dagblaðinu El País.

Í mars síðastliðnum fóru ungir menn um borgina Casablanca og ógnuðu fólki með sveðjum. Síðan þá hafa slík gengi, sem jafnan eru kölluð Tcharmile, farið um með berserksgangi í fjölda borga í Marokkó. Hafa þau og myrt fólk af handahófi að því er virðist. Þróunin vekur ugg meðal þjóðarinnar. Minnst menn þess að víða í Mið-Ameríku eru gengi á við þessi hin helsta vá þjóðfélaganna.

-jse

# Vindorkugarðurinn kostar þrjátíu og sex milljarða króna

Verði hugmyndir Landsvirkjunar að vindorkugarði að veruleika mun kostnaður verkefnisins verða hærri en vatns- eða jarðvarmavirkjunar með sömu framleiðslu. Ratsjá verður nýtt til fuglarannsóknna. Áhyggjur eru af nálægð við „anddyrið“ að friðlandinu að Fjallabaki. Kann að hafa neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna.

**ORKUMÁL** Gangi hugmyndir Landsvirkjunar eftir um vindorkugarð við Búrfell er líklegur kostnaður framkvæmdarinnar rúmlega 36 milljarðar króna.

Landsvirkjun lagði fram tillögu að matsáætlun fyrir Búrfellslund, eins og vindorkugarðurinn er kallaður, á fimmtudag. Eins og kunnugt er áætlað fyrir tækið að reisa allt að 80 vindmyllur á 34 ferkílómetra svæði á Hafinu við Búrfell. Þar standa fyrir tvær vindmyllur sem reistar voru í tilraunaskyni og hafa sýnt að aðstæður fyrir vindorkugarð eru mjög hagstæðar í alþjóðlegum samanburði. Verði af framkvæmdum er hugmyndin að reisa stærri vindmyllur en standa þar nú, eða allt að þrjú til þrjú og hálf MW vindmyllur.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í maí þá fer kostnaður við vindmyllur lækkandi og ef sannast að aðstæður séu jafn góðar hér eins og niðurstöðurnar af Hafinu benda til, og vindmyllur verði samkeppnisfærar við stærri virkjanir, þá getur það breytt áherslum Landsvirkjunar.

Við fyrirspurn Fréttablaðsins til Landsvirkjunar um kostnað við verkefnið fékkst það svar að fyrirtækið ynni að kostnaðargreiningu og ótímabært væri að gefa upp kostnaðartölur.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er kostnaðurinn þó mjög nálægt 36 milljörðum króna, þegar meðalkostnaður áþekkra framkvæmda í Evrópu er skoðaður á hvert megavatt sem framleitt verður. Efri mörk slíkra útreikninga eru um 40 milljarðar

eða 350 milljónir dala. Við fyrstu sýn er orkuframleiðsla frá vindorkugarði mjög ódýr kostur, en hér ber til þess að líta að nýting er áætluð 40% við Búrfell öfugt við 100% nýtingu vatns- eða jarðvarmavirkjana. Nærtækt dæmi er nýjasta vatnsaflsvirkjun Landsvirkjunar, Búðarhálsvirkjun, en 40% nýting gæfi svipaðan afkastur. Kostnaður við Búðarhálsvirkjun var um 26 milljarðar króna, svo vindorkuframleiðsla er, enn þá, dýrari kostur.

Í tillögu að matsáætlun Landsvirkjunar er tekið á nokkrum umhverfisþáttum sem hafa verið ofarlega í umræðunni víða erlendis, t.d. mögulegum fugla-dauða. Í matsskýrslunni kemur fram að umfangsmiklar rannsóknir eru fyrirhugaðar. Megináhersla fuglarannsóknna í tengslum við verkefnið verður kortlagning farfugla um svæðið frá vori og fram á haust. Á rannsóknatíma verður ratsjá keyrð til þess að fylgjast með umferðartíðni fugla á svæðinu en einnig er um að ræða beinar athuganir á vettvangi.


Við kynningu og yfirlæstur á drögum að tillögunni bárust athugasemdir og ábendingar frá stofnunum og einstaklingum. Ein veigamesta athugasemdin frá Landvernd lýtur að því hversu nálægt „anddyri“ friðlandsins að Fjallabaki vindorkugarðurinn er teiknaður. Landvernd telur að þetta muni hafa neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna, ekki síst sem fyrsta upplifun þeirra af Fjallabaki.

svavar@frettabladid.is

## Næstum tvöfalt á við Hallgrímskirkju

Mesta mögulega hæð fyrirhugaðra vindmylla (135 m)

TIL SAMANBURÐAR VIÐ RANNSÓKNARVINDMYLLUR LANDSVIRKJUNAR OG HALLGRÍMSKIRKJUTURN




## VINDMYLLURNAR 80 REISTAR Í ÁFÖNGUM

Vindmyllur með um 3 MW aflgetu eru þær aflmestu sem standast veðurskilyrði á Íslandi í dag og fyrstu útreikningar Landsvirkjunar gefa til kynna að vindmyllur með 2,5-3,5 MW aflgetu henti einkar vel við þær aðstæður sem eru á svæðinu. Mastur hverrar vindmyllu yrði allt að 80 metra hátt og þvermál spaða allt að 110 metrar. Þannig getur hver vindmylla orðið allt að 135 metra há þegar spaði er í efstu stöðu. Til samanburðar eru rannsóknarvindmyllur Landsvirkjunar 77 metra háar og Hallgrímskirkjuturn 74,5 metra há.

Verði af framkvæmdum munu vindmyllurnar 80 verða reistar í nokkrum áföngum.

## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



**MILT EN LÍTÍÐ UM SÓL** Þá er HM lokið og um að gera að drífa sig út í sumarið. Það verður milt í veðri og fremur hægur vindur í vikunni en dálftil væta einkum V- og N-lands en ekkert til að láta stoppa sig. Hiti 10-17 stig, hlýjast NA-til.

Snjólaug Ólafsdóttir veðurfréttamaður

Auglýsingaábyrgðir FRÉTTABLAÐSINS - AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonlaf@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hjördis Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrir@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinnsson koll@365.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarssdóttir vera@365.is RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hranar Helgason hranar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is PIJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrun@365.is

Heimilis GRJÓNAGRAUTUR

Alveg mátulegur



Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka

„Auðvitað er betra að  
hlaupa í leðurbuxum  
– ef maður skyldi detta“

**Fyrsta skrefið er að skrá sig á [marathon.is](http://marathon.is)**

Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka verður að morgni Menningarnætur þann 23. ágúst. Í boði verða vegalengdir við allra hæfi auk þess sem hægt er að fara heilt maraþon í boðhlaupi. Skráningar eru í fullum gangi á [marathon.is](http://marathon.is).

Á [hlaupastyrkur.is](http://hlaupastyrkur.is) getur þú safnað áheitum og látið gott af þér leiða á hlaupum.

**Skálmöld er komin í hlaupaskóna**

Maraþonmennirnir og þungarokkararnir í Skálmöld eru byrjaðir að æfa fyrir sitt fyrsta Reykjavíkumaraþon. Fylgstu með undirbúningi og ævintýrum þessara skemmtilegu þungarokkara á Facebook-síðunni Maraþonmennirnir og fáðu hlaupaáætlun og fleiri gagnlegar upplýsingar í leiðinni.

f Fylgstu með ævintýrum Skálmaldar  
[Facebook.com/marathonmennirnir](https://www.facebook.com/marathonmennirnir)

Íslandsbanki, stoltur stuðningsaðili í 17 ár.

  
Íslandsbanki

## VEISTU SVARID?



1. Hvað heitir íslenska skartgripalínan sem glanstímaritið Seventeen Magazine hafði til umfjöllunar í vikunni?  
2. Til hvaða liðs seldi Liverpool markahrókinn Luis Suárez á dög-unum?  
3. Dýraverndunarfélagið fagnaði stórafmæli um helgina – en hversu gamalt er félagið?

SVÖR:  
1. Twin with in. 2. Barcelona.  
3. 100 ára

Landssamband veiðifélaga gagnrýnir hugmyndir um merkingar eldislax:

## Kynni sér breytingar Alþingis

**FISKELDI** Landssamband veiðifélaga (LV) gerir alvarlegar athugasemdir við skýrslu nefndar um leyfisveitingar og eftirlit í fiskeldi. Sérstaklega hvað varðar merkingar á eldislaxi.

Óðinn Sigþórsson, formaður LV, segir það vekja sérstaka athygli að skýrsluhöfundar virðast ekki hafa kynnt sér þær breytingar sem Alþingi gerði á frumvarpi atvinnuvegaráðherra til breytinga á lögum um fiskeldi.

„Til dæmis var lögnum breytt

í þá veru að skylt er að merkja eldislax með utanálíggjandi merki. Í skýrslunni er því hafnað og uggaklipping eldislax talin tímaflek og dýr aðgerð sem þjóni takmörkuðum tilgangi. Þessu erum við veiðiréttareigendur algjörlega ósamála,” segir Óðinn og bætir við að ef eldislax veiðist í laxveiðiám er nauðsynlegt að hann sé auðkenndur þannig að



ÓÐINN SIGÞÓRSSON

honom verði ekki sleppt aftur í ána.

Nefndin leggur til að burðarþolsmat verði gert í öllum helstu fjörðum á Vestfjörðum og Austfjörðum ásamt Eyjafirði. Eins að gert verði straumlíkan til að meta nauðsynlega fjarlægð á milli sjókvíaldissvæða. Þá eru gerðar

tillögur um eftirlit með slyasleppingum og hvernig efla megi eftirlit með fiskeldisstöðvum.

-shá

## Útifundur á Lækjartorgi: Krafist alþjóðlegrar verndar

**ALPJÓÐAMÁL** Útifundur verður haldinn á Lækjartorgi í dag klukkan fimm á vegum félagsins Ísland-Palestína.

Slagorð fundarins er „Stöðvum blóðbaðið á Gasa“ og er krafist alþjóðlegrar verndar handa íbúum Gasa og herteknu svæðanna. Tæplega sjö hundruð manna hafa skráð sig á viðburðinn á Facebook.

Talið er að um 160 Palestínumenn hafi látið lífið í árásum á Gasa-svæðinu á sex dögum.

-ebg



**FRÁ BÍLDUDAL** Það verður enn meira fjör í atvinnulífni og skólanum á Bíldudal næsta vetur.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURDUR

Íbúafjölgun á Bíldudal:

## Sextán nýir íbúar í vikunni

**MANNFJÖLDI** Um níu prósentu fólksfjölgun varð á einni viku á Bíldudal þegar 16 manns skráðu lögheimili sitt þar í síðustu viku. Fyrir áttu um 180 lögheimili þar. Að sögn Friðbjargar Matthíasdóttur, forseta bæjarstjórnar Vesturbýggðar, má fjölgunina að mestu rekja til uppbyggingar fyrirtækisins Arnarlax. Sjö nýir nemendur munu setjast á skólabeck á Bíldudal en þar voru 23 nemendur í fyrra. Á Patreksfirði fjölga svo og íbúum þannig að það hefur fjölgað um 60 manns á undanföllum þremur árum í Vesturbýggð.

-jse

Vill að stúlkunum sé sleppt:

## Malala heldur til Nígeríu

**NÍGERÍA** Hin sautján ára Malala Yousafzai frá Pakistan hefur strengt þess heit að hjálpa til við að frelsa stúlkurnar sem öfgasamtökin Boko Haram rændu í Bomo-héraði í Nígeríu í apríl þegar hópur vopnaðra manna ruddist inn í skóla að næturlagi og skipaði stúlkunum upp á vörubílspalla. Boko Haram-samtökin hafa barist fyrir stofnun íslamsks ríkis í Nígeríu síðustu ár.

„Þessar stelpur eru eins og systur mínar og ég ætla að tala þeirra máli þar til þeim verður sleppt,” sagði Malala á fundi í gær með foreldrum sumra þeirra barna sem saknað er, sem haldinn var í höfuðborginni Abuja.

-ósk

# Of dýrt að leigja kvóta í ýsu og þorski

Leiguverð á ýsu og þorski er of hátt til að það borgi sig að veiða. Stóru útgerðirnar leigja mun minni kvóta en áður og ýsukvótinn hefur dregist saman um tugi tonna á nokkrum árum. Þeir sem gera út á snurvoð og línu verða að leigja ýsukvóta.

**SJÁVARÚTVEGUR** „Ef ég leigi þorskvótinn á 200 krónur eru bæði útgerðarfirmir og fiskvinnslan í þokkalegum málum. Ef verðið fer yfir 200 krónurnar fer að halla undan fæti,” segir Hólmgrímur Sigvaldason, eigandi HSS fiskverkonar á Suðurnesjum. Auk fiskverkonarinnar gerir Hólmgrímur út þrjá báta; Grímsnes, Tjaldanes og Maron.

Verð á leigukvóta hefur verið að stíga undanfarnar vikur. Í janúar var meðalleiguverð á þorski á milli 170 og 180 krónur kílóíð en síðustu daga hefur meðalverðið verið á bilinu 220 til 230 krónur.

Menn voru að leigja kílóíð af ýsu í janúar á 300 krónur en það er nú komið upp í 315 krónur.

Skýringin á hækkandi leiguverði er lítið framboð af leigukvóta. Kemur þar tvennt til, annars vegar að stóru útgerðirnar leigja minna frá sér af kvóta og hins vegar mikill samdráttur í ýsu.

„Það er búið að skamma stóru útgerðirnar svo mikið fyrir að leigja þann kvóta sem þær fá úthlutaðan að þær eru hættar að leigja hann. Svo þegar þær eru hættar að leigja þá eru þær skammaðar fyrir að leigja ekki frá sér kvóta,” segir Pétur Pétursson, sem gerir út Bárð ÞH frá Arnarstapa.

Ýsukvótinn hefur dregist verulega saman síðustu ár. Árið 2007 mátti veiða 110 þúsund tonn af ýsu en kvótinn á yfirstandandi fiskveiðiári er 38 þúsund tonn og enn má búast við að leiguverðið hækki því á næsta fiskveiðiári má veiða rúm 30 þúsund tonn.



**HÆKKANDI VERÐ** Meðalleiguverð á kílóí af þorski er komið upp í 220 til 230 krónur og hefur hækkað talsvert frá áramótum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Bjuggust við meira í þorskinum

Örn Pálsson, framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda, segir að menn hafi búið við að þorskvótinn yrði aukinn meira á næsta ári en raunin varð og það hafi enginn átt von á 20 prósent samdrætti í ýsukvóta. „Þetta tvennt getur hafa haft áhrif á að leiguverðið er hækkandi,” segir Örn.

Hann bendir á að yfirlýsingar Hafrannsóknastofnunar hafi bent til meiri aukningar í þorskvóta á næsta ári. Kvótinn á þessu fiskveiðiári er 215 þúsund tonn en verður 218 þúsund á því næsta. Örn segir að þegar menn hafi verið að reikna forsendur veiðigjalds hafi verið gert ráð fyrir 240 þúsund tonna þorskvóta.

Margir verða að kaupa ýsukvóta hvað sem tautar og raular því ýsan kemur gjarnan sem meðafli hjá snurvoðar- og línubátum. „Ég þarf sem betur fer ekki að leigja mikið af ýsukvóta því þar sem mínir bátar eru að veiðum slæðist lítið af ýsu með,” segir Hólmgrímur.

Pétur Pétursson segir að leigu-

verð á ýsu og þorski sé allt of hátt um þessar mundir til að veiðar á þessum tegundum borgi sig, einar og sér.

Yfirstandandi fiskveiðiári lýkur 1. september. Kvótinn er að verða uppurinn en eftir er að veiða 4.400 tonn af þorski og 1.800 tonn af ýsu.

johanna@frettabladid.is



**MEÐ RISA RABARBARA** Það ætti að vera til nóg í sultuna hjá Margréti í ár.

Gróðursæld á Bíldudal:

## Rabarbarinn nær upp í nef

**MANNLÍF** Það vantar ekki vöxtinn í rabarbaragarðinum hjá Margréti Hjartardóttur á Bíldudal en þeir stærstu ná henni að nefi. „Ég geri ekkert fyrir þetta, þeir verða bara svona stórir hjá mér,” segir hún. „Annars er þetta svo sem ekkert einsdæmi, þetta er svona hjá henni Guðbjörgu Friðriksdóttur í næsta garði. Ætli þetta sé ekki bara veðurældin hérna á Bíldudal.“

Gott er að nýta þá þessar kjör-aðstæður til einhvers annars og hefur hún því gullregn mikið í garðinum sem grætur sínum gulu tárur um þessar mundir.

-jse

Fluttur með þyrlu til borgar:

## Miklir áverkar eftir hjólaslys

**SLYS** Karlmaður lenti í fjórhjólaslysi í Laugadal á Vesturlandi í gær og var fluttur með þyrlu á sjúkrahús með mikla áverka.

Slysið gerðist innst í Laugadal í Dölum þar sem ekkert símasamband er. Því þurfti samferða-fólk mannsins að fara til byggða eftir hjálp. Þyrla Landhelgisgæslunnar var þó nálægt vettvangi og því fljót á slysstað.

Samkvæmt upplýsingum frá lækni á bráðamóttöku er lífan mannsins eftir atvikum.

-ebg

# Sjónmælingar í Optical Studio

Tímapantanir í síma:

Optical Studio í Smáralind, 5288500

Optical Studio í Keflavík, 4213811

Optical Studio í Leifsstöð, 4250500

Optical Studio

SMÁRALIND • LEIFSTÖÐ • KEFLAVÍK

5  
ÁRA  
Ábyrgð  
Ótakmarkaður  
Akstur  
5 ára ábyrgð  
Ótakmarkaður akstur



Hyundai Santa Fe  
Sparneytinn lúxusjeppi  
Verð frá: 7.150.000 kr.  
Eyðsla frá 6,7 l/100 km\*

# Glæsilegur árangur Hyundai í gæðakönnun J.D. Power

Eins og fram kom í bílblaði Fréttablaðsins í vikunni rataði Hyundai í fyrsta sæti gæðakönnunar J.D. Power í síðustu viku. Einkum voru það áreiðanleiki og lág bilanatíðni sem skiluðu Hyundai sigri í þremur stærðarflokkum. Þessi niðurstaða staðfestir að Hyundai bílar eru með þeim traustustu og endingarbestu á markaðnum.

Í fréttinni sagði einnig: „Margir nýir bílar eiga erfitt með að ná góðum árangri vegna flókinna hönnunar og fer vandamálið vaxandi eftir því sem aukabúnaður eykst í bílum. Hyundai kemst vel frá þessu vandamáli enda hefur framleiðandinn lagt mikla áherslu á notendavænt umhverfi bílanna sem hefur orðið til þess að upplifun eigenda á raunverulegum gæðum verður meiri og betri.“

Núi bíllinn er Hyundai

GE bílar  
Reykjanesbæ  
www.bilahusid.is  
420 0400

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
www.ib.is  
480 8080



NEW THINKING.  
NEW POSSIBILITIES.

Hyundai – Kaupúni 1 – Beint á móti IKEA – Sími: 575 1200  
www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is

# Knattspyrnuunnendur komu saman

Sendiráð Þýskalands á Íslandi og Knattspyrnusamband Íslands efndu til móttöku í höfuðstöðvum KSÍ þegar úrslitaleikurinn á HM fór fram í gær. Margt var um manninn og ekki annað að sjá en að glatt hafi verið á hjalla. Daníel Rúnarsson ljósmyndari fangaði stemninguna.



**SENDIHERRA, FRAMKVÆMDASTJÓRI OG ÞJÁLFARI** Þórir Hákonarsson, framkvæmdastjóri KSÍ, og Thomas H. Meister, sendiherra Þýskalands, með Eyjólfí Sverrissyni, landsliðsþjálfara U 21 árs karla.



**FAGNAÐUR Í HÖFUÐSTÖÐVUM KSÍ** Hermann Georg Gunnlaugsson, Heimir Jónasson og Christoph Wehmeies komu til að horfa á úrslitaleikinn.



**VEL VEITT.** Ungur knattspyrnuáhugaður gæðir sér á veitingum um leið og hann veltir fyrir sér gangi leiksins.



**LISTAMENN FYLGJAST MEÐ** Halldór Gylfason og Hlynur Áskelsson fylgdust með leiknum.



**MIKILL FJÖLDI** Fjöldi fólks var samankominn til að fylgjast með leiknum.



**SENDIHERRA OG FORSETARITARI** Peir Thomas Meister, sendiherra Þýskalands á Íslandi, og Órnólfur Þorsson forsetaritari tóku tal saman á leiknum.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

## BERÐU ÞIG VEL

 <p><b>FUTURA 28</b> LÉTTUR OG VANDABUR DAGPOKI. AIRCOMFORT BAK SEM LOFTAR BETUR. VERÐ: 22.990 KR.</p>	 <p><b>FUTURA 32</b> VINSÆLSTI DAGPOKINN. FRÁBÆRT BURÐARKERFI MEB LOFTUN. VERÐ: 24.990 KR.</p>	 <p><b>FUTURA 38</b> STÓR DAGPOKI MEB ÞÆGLLEGU BURÐARKERFI. VINSÆLL Í LENGRI DAGSFERÐIR. VERÐ: 25.990 KR.</p>	 <p><b>AIRCONTACT 65+10</b> FRÁBÆR VERBLAUNABAKPOKI TIL NOTKUNAR Í LENGRI FERÐIR. ÖFLUGT BURÐARKERFI. VERÐ: 46.990 KR.</p>
---	---	--	---

MARG VERBLAUNADIR BAKPOKAR





# ÚTILÍF

GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is





ZOOM-ZOOM

# NÝR MAZDA3

MARGVERÐLAUNUÐ SKYACTIV SPARTÆKNIN  
LÆKKAR EYÐSLU OG MINNKAR MENGUN.



**KAUPTU NÝJAN  
SPARNEYTINN MAZDA MEÐ  
SKYACTIV SPARTÆKNI**

**VERÐ FRÁ 3.190.000 KR.**

Margverðlaunuð SKYACTIV spartæknin hefur veitt Mazda sérstöðu á markaðnum. Með þessari byltingarkenndu tækni hefur Mazda náð fádæma árangri til lækkunar eyðslu án þess að fórnar afli né viðbragði – enda er akstursánægja eitt aðalsmerki Mazda. Að auki er bíllinn smíðaður í anda KODO hönnunarinnar sem gælir svo sannarlega við augað.

**MAZDA. DEFY CONVENTION.**

**KOMDU Í  
REYNSLUAKSTUR**

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | mazda.is

Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

**50** ár í bílgreininni  
**brimborg**  
Óruggur staður til að vera á

## Verði að fjölmenningsborg: Reykjavík sækir um aðild

**REYKJAVÍK** Borgarráð hefur samþykkt að Reykjavíkurborg sækji um aðild að verkefninu Fjölmenningsborgir sem rekið er af Evrópuráðinu.

Verkefnið styður borgir í að móta heildstæða fjölmenningsstefnu sem á að gera borgurum betur kleift að stýra fjölbreytileikanum í jákvæðar áttir.

Þátttökurert í verkefninu hafa einungis borgir með minnst fimm prósent íbúa af erlendum upp-  
runa.

- ebg

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, mun leggja fram frumvarp um opinber fjármál:

## Ábyrgð einstakra fagráðuneyta aukin

**STJÓRNMÁL** Búið er að ljúka við alla megin undirbúningsvinnuna fyrir fjárlagafrumvarp næsta árs, segir Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra. Áætlað er að leggja frumvarpið fyrir fram núna en vant er, eða 9. september næstkomandi, vegna nýrra þingskapalaga.

„Við förum fram á lágmarksaðhald en reynum að taka tillit til einstakra verkefna sem ríkisstjórnin vill leggja áherslu á,“ segir Bjarni og bætir við að

stefnt sé að jöfnuði í ríkisfjármálum og að haldið verði aftur af skuldaförum um leið og styrkari stoðum verði rennt undir velferðina í landinu. Hann segir að aðhaldskrafan sé innan við eitt prósent á hvert ráðuneyti að meðaltali. Hún komi ekki jafnt niður á ráðuneytin þar sem sumstaðar verði gefið í frekar en að fara fram á aðhald. „Aðhaldskrafan er ekki sist til að tryggja að það sé rétt forgangsroðun til staðar,“ segir Bjarni.

Hann segir að stóra breytingin í opinberum fjármálum og allri hugsun í fjárlagagerð og ríkisfjármálaáætlunum verði þegar lög um opinber fjármál verða samþykkt. Þá vaxi skyldur einstakra fagráðuneyta til þess að innleiða langtímahugsun í alla málaflokka og aðkoma þingsins verður miklu meiri og á fyrri stigum. Bjarni lagði þetta frumvarp fram í vor en það var ekki afgreitt. Hann hyggst því leggja það aftur fram strax í haust. - jhh



Við förum fram á lágmarksaðhald en reynum að taka tillit til einstakra

verkefna sem ríkisstjórnin vill leggja áherslu á. Bjarni Benediktsson,

fjármála- og efnahagsráðherra



**FRÁ FÆDINGARDEILD** Talið er að frjósemi þurfi að mestast 2,1 til að viðhalda mannfjölda en við Íslendingar mældumst undir því í fyrra.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Dregur úr frjósemi:

## Færri börn fæddust í fyrra

**SAMFÉLAGSMÁL** Í fyrra fæddust 4.326 börn sem eru 207 færri en fæddust árið áður. Fleiri stúlkur en drengir litu dagsins ljós svo hlutfallið var 969 drengir á hverjar þúsund stúlkur. Greint er frá þessu á vef Hagstofu Íslands.

- jse

Eyjamen vilja leiðréttingu:

## Lögleysan kostaði milljarða

**SJÁVARÚTVEGUR** Heildartjón Vestmannaeyja vegna þess að ólöglega hefur verið úthlutad makrílkvóta til útgerða frá árinu 2011 nemur á bilinu fimm til sex milljarðar króna. Fyrir slíka upphæð mætti reka fæðingarpjónustu í Eyjum næstu 120 árin.

Þetta segir í ályktun bæjarráðs Vestmannaeyjabæjar. Enn fremur segir að bærinn hljóti að íhuga að fá leiðréttingu þessara mála jafnvel þótt sækja þyrfti hana fyrir dómstólum.

- jse

# Sá hættir lífi sínu sem ekki flýr í burt

Ísraelsher hefur dreift tilkynningu um að hver sá sem ekki flýr svæðin í norðurhluta Gasa sé að hætta lífi sínu. Um 160 Palestínnumenn hafa látist. Talið er að um 77 prósent þeirra hafi verið almennir borgarar. Um fjögur þúsund eru nú á flóttu.

**AFPGASA** Um fjögur þúsund Palestínnumenn hafa flúið svæðin í norðurhluta Gasa en þangað færast vígvöllur mestu blóðsúthellinga sem átt hafa sér stað milli Palestínu og Ísraels í tvö ár.

Ísraelsmenn hafa nú í sex daga látið eldflaugum rigna yfir svæði Palestínnumanna og samkvæmt heilbrigðisvirkum í Gasa hafa að minnsta kosti 160 manns látist. Meðal hinna látnu er sextán manna fjölskylda sem lést í árásinni síðastliðinn laugardag. Hafa aðfarirnar verið gagnrýndar af Navi Pillay, fulltrúa Sameinuðu þjóðanna í mannréttindamálum.

Yfirvöld í Ísrael segja markmið árássanna vera að hæfa vígamenn og stjórnendur Hamas-samtakanna. Hvað sem því líður telja fulltrúar frá Sameinuðu þjóðunum að um 77 prósent þeirra föllu séu almennir borgarar. Snemma í gær sprengdi ísraelski herinn upp mikilvægar bækistöðvar Hamas-liða en haft er eftir Manuel Hassassian, sendifulltrúa palestínskra yfirvalda í Lundúnum, að Hamas-liðar væru í flestum tilfellum óaðgreinanlegur hluti palestínskra borgara svo erfitt væri að uppræta samtökin með sprengjuárásum.

Flóttabylgjan nú kemur í kjölfar hótana ísraelsku stjórnarinnar en tilkynningu var dreift um svæðið úr lofti þar sem sagði að hver sá sem léti undir höfuð leggjast að



**Á FLÓTTA** Um fjögur þúsund Palestínnumenn eru á flóttu í norðurhluta Gasa en ísraelsk yfirvöld hafa tilkynnt að hver sá sem ekki flýr af svæðinu muni hætta lífinu.

AFP/NORDICPHOTOS

koma sér á brott væri að hætta lífi sínu þar sem ísraelski herinn muni nú láta kné fylgja kviði. Fjöldi flóttamanna hefur fengið skjól í skóla sem alþjóðlegar herdeildir halda úti í grenndinni. Um átta hundruð manns með tvöfalt ríkisfang hafa farið til Ísraels en haft hefur verið eftir flóttamönnum á BBC að margir hefðu í engin hús að venda.

Fulltrúar Sameinuðu þjóðanna

hafa lýst því yfir að mikilvægt sé að koma á vopnahlé sem fyrst en fátt bendir til þess að þeir muni hafa erindi sem erfiði. Sérstaklega dvínuðu slíkar vonir þegar Benjamín Netanyahu, forsætisráðherra Ísraels, tjáði fréttamönnum að tilraunir manna erlendis frá gætu ekki komið í veg fyrir að Ísraelsmenn beittu fullri hörku í þessum aðförum sínum.

jse@frettabladid.is



**FRANS PÁFI** Hann ætlar heldur betur að taka á niðingskap í garð barna.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP/NORDIC PHOTOS

Frans páfi tekur til hendinni:

## Skert upp herör gegn barnaníði

**ÍTALÍA** Haft hefur verið eftir Frans páfa að barnaníð væri eins og holdsveiki innan kirkjunnar og nú yrði að skera upp herör gegn því. Enn fremur er eftir honum haft að gögn segi að um tvö prósent kirkjunnar manna séu barnaníðingar. Sagt er frá þessu á fréttavef BBC en talsmaður Vatíkansins hefur reynt að bera þetta til baka og sagt ekki rétt eftir haft. Páfinn hefur heldur betur látið til sín taka en hann útskýfaði fyrir skemmstu meðlimum ítalska mafíuhópsins Ndrangheta í þrumuræðu sem hann hélt í heimabæ hópsins í Calabria á Ítalíu.

- jse

Tvö þúsund gestir á útihátíð:

## Ró og rokk á Eistnaflugi

**NESKAUPSTAÐUR** Um tvö þúsund manns komu saman á tónlistarhátíðinni Eistnaflugi.

Óskar Hallgrímsson, héraðslögregluábyrgingur í Neskaupstað, segir hátíðina hafa farið ljómandi vel fram og í raun ekki nokkuð að fréttu eftir alla helgina fyrir utan að tveir eru grunaðir um ólvunarakstur.

- af

## Skrúfur og festivörur í Múrbúðinni

Ruspert skrufan sem iðnaðarmenn velja. **MÚRBÚÐARVERÐ**

Týpa 17 oddur auðveldar skrufun!

Ruspert ceramic húðun þolir meira en 2000 tíma saltupplausn

Rifflur sem skera viðinn

Pakki af þessum Ruspert skrufum 4,5x50 200 stk kostar kr. **1.095**

„Torque“ rifflur minnka viðnám og hreinsa gatið!

Torx

Mikið úrval af skrufum og festingavörum

Skrúfur-stærðir 4-6mm allt að 140mm langar

A4 A2 Rafgalv Ruspert Gippskrúfur Kopar

Kletthálsi Reykjavík  
Reykjanesbæ

**MÚRBÚÐIN**

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson var gestur á Sprengisandi á Bylgjunni í gær:

## Segir umræðuna afskræmda

**STJÓRNMÁL** „Ýmsir hafa sagt ýmsa hluti án þess að þeir vektu sérstaka athygli. Það eru viðbrögðin sem urðu þessi stóri atburður. Má nefna sem dæmi að frambjóðandi Samfylkingarinnar í sömu kosningum hafi sagt hluti sem var miklu frekar hægt að flokka sem nið um trúarhóp,“ sagði Sigmundur Davíð forsætisráðherra á Sprengisandi á Bylgjunni í gærmorgun. Sigmundur Davíð sagði umræðuna sem myndaðist um Framsóknarflokkinn í kringum sveitarstjórnarkosningarnar hafa verið ósanngjarna. Þá sagði hann umræðuna ekki hafa hafist hjá Framsóknarflokknum heldur andstæðingum framboðsins.

Þar vísaði hann til ummæla Kristínar Soffíu Jónsdóttur árið 2012 um rússnesku rétttrúnaðarkirkjuna.

„Menn hefðu alveg getað kosið að búa til havari úr því. Það varð ekki. Það nefnilega skiptir oft á tíðum, virðist vera, hver segir hlutina.“



**NIÐ UM TRÚARHÓPA** Sigmundur Davíð segir umræðuna í kringum Framsóknarflokkinn í kringum sveitarstjórnarkosningar ósanngjarna.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Sigmundur sagði að ekki hefði verið raunverulegt tilefni til að búa til þá umræðu sem fór af stað. „Enda hefur komið á daginn í framhaldinu að ýmsar spurningar hafa vaknað um þessa framkvæmd og við þeim hafa ekki

fengist skýr svör. Til dæmis hvort það sé yfir höfuð lögmætt fyrir borgina að gefa lóðir með þessum hætti.“ Sigmundur sagði umræðuna hafa verið afskræmda á alveg ótrúlegan hátt.

- ósk



7 ára ábyrgð á öllum  
nújum Kia bílum.

www.kia.com

# Glæsilegur Kia Rio

- rúmgóður og einstaklega sparneytinn



Eigum  
bíla til  
afgreiðslu  
strax!

**RIO**



The Power to Surprise

Eyðir aðeins frá **3,6** lítrum á hundraðið

Nútímatækni og hönnun hefur ekki einungis skilað mögnuðum gæðabíl, heldur er hann **einn sparneytnasti fjöldaframleiddi dísilbíl í heimi**. Magn **CO<sub>2</sub>** í útblæstri er **einnig mjög lítið** svo hann fær **frítt í stæði í Reykjavík** í 90 mínútur í senn. Að sjálfsögðu er **7 ára ábyrgð** á nújum Kia Rio, svo hún **gildir til ársins 2021**.

**Fjölbreytt fjármögnun í boði:** Bílasamningar til allt að sjö ára og vaxtalaus lán til þriggja ára fyrir allt að 40% af kaupverði. Komdu við í sýningarsal Öskju að Krókhálsi 11 eða hjá umboðsmönnum okkar og kynntu þér þennan einstaklega sparneytna bíl.

**Komdu og reynsluaktu, við tökum vel á móti þér.**

Verð frá **2.590.777 kr.** Rio 1,1 dísil

Aðeins **24.980 kr.** á mánuði í 84 mánuði\*



\*M.v. 1.129.000 kr. útborgun eða upptökubíl að sambærilegu verðmæti og bílasamning ERGO í 84 mánuði. 9,55% óverðtryggðir vextir. Árleg hlutfallstala kostnaðar 11,5%. Nánar á ergo.is.

f Þú finnur „Kia Motors Ísland“  
á Facebook



ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is  
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.

Forsætisráðherra skammast yfir umræðunni:

## Lágpunkturinn

**F**orsætisráðherrann okkar virðist stundum í einkennilega litlum tengslum við raunveruleikann. Á föstudaginn hélt hann ræðu yfir miðstjórn Framsóknarflokksins, þar sem hann hélt áfram að kvarta sáran yfir umræðunni um mosku-útspil Sveinbjargar Birnu Sveinbjörnsdóttur, oddvita flokksins í Reykjavík, nokkrum dögum fyrir borgarstjórnarkosningarnar.

„Ég hefði ekki trúað því að óreyndu að menn myndu leggjast jafn lágt og þeir gerðu í kringum sveitarstjórnarkosningarnar

þegar reynt var að færa umræðu um pópúlíska flokkinn og saka Framsóknarmenn um kynþáttahyggju, flokk sem í næstum því heila öld hefur verið í fararbroddi mannréttindabaráttu á Íslandi og innleitt margar mestu framfarir sem hafa orðið á því sviði,“ sagði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson í ræðu sinni á fundinum.

Svo bætti hann við: „Að menn skuli nýta slíkt mál í pólitískum tilgangi til að koma höggi á andstæðinga er nýr lágpunktur í stjórn málaumræðu seinni tíma.“

Það er dálítið kostulegt ef forsætisráðherrann áttar sig ekki á því að þessum orðum má einmitt snúa upp á framgöngu Framsóknarmanna í Reykjavík fyrir borgarstjórnarkosningarnar. Margir trúðu því illa að flokkur, sem lengst af hefur reynt að marka sér stöðu sem hófsamur miðjuflokkur, myndi nota ótta við útlendinga og fólk sem er annarrar trúar en meirihluti Íslendinga til að fiska eftir atkvæðum.

Það var nú samt það sem gerðist. Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir sagði að á meðan við værum með þjóðkirkju á Íslandi ætti Reykjavíkurborg ekki að gefa múslimum lóð undir mosku. Svo tók hún upp hugmynd frá danska Þjóðarflokki um að það ætti að hafa atkvæðagreiðslu um moskulóðina. Hún dró ummæli sín ekki til baka fyrir kosningar, heldur bætti hún í kvöldið fyrir kjördag, þegar hún notaði tækifærið til að ýta undir hræðslu við nauðungarhjáðabönd á Íslandi. Það var ekki fyrr en eftir kosningar, sem Sveinbjörg dró í land og sagðist hafa hlaupið á sig.

Hlutur forsætisráðherrans er lítið skárri; hann gerði engar athugasemdir við málflutning Sveinbjargar fyrir kosningar og hefur raunar enn ekki gert það, enda sjálfsagt glaður með fylgið sem þetta atkvæðafiskirí á vafasömum miðum skilaði. Hann ber sig bara voða aumlega undan „umræðunni“ og reynir að færa ábyrgðina á málinu eitthvert annað en þangað sem hún á heima; hjá oddvita Framsóknarflokksins í Reykjavík og hjá honum sjálfum. Þetta má sannarlega kalla lágpunkt í langri og merki-legrí sögu Framsóknarflokksins.

Það er hins vegar óhætt að leyfa sér að vona að nú liggi leiðin upp á við. Miðstjórnarfundurinn samþykkti að sögn RÚV ályktun, þar sem ítrekað er að framsóknarmenn muni berjast fyrir félagslegu réttlæti og hafna hvers kyns mismunun, meðal annars á grundvelli trúarbragða, litarháttar, kyns, stöðu og kynhneigðar. Þar er augljóslega verið að snúna Sveinbjörgu og áréttu grundvallarstefnu Framsóknarflokksins. Það er gott hjá framsóknarmönnum. En um leið er illskiljanlegt hvað formaður flokksins er að hugsa þegar hann harðneitar að viðurkenna að Framsóknarflokkurinn fékk umtalsvert fylgi í Reykjavík út á málflutning, sem gekk þvert á stefnu flokksins. Það heitir nefnilega popúlismi, öðru nafni lýðskrum, hvernig sem forsætisráðherrann reynir að koma sök á „umræðuna“.

### FRÉTTABLAÐIÐ


ÚTGÁFUÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Sendu sms-ð  
BARN í númerið 1900  
og gefðu 1.900 krónur


## Neyðarákall

### fyrir börn í Suður-Súdan

Hundruð þúsunda barna búa við sára neyð og hungur í Suður-Súdan. Þau þurfa hjálp – núna!



Suður-Súdan



### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Ærið verk fram undan

Forsætisráðherra sagði á miðstjórnarfundum Framsóknarflokksins á föstudaginn að það væri raunhæft að stefna að því að fyrir lok ársins 2020 verði skuldastaða Íslands orðin ein sú besta í Evrópu. Seðlabanki Íslands segir að skuldahlutfall íslenska ríkisins gæti orðið svipað og Þýskalands árið 2019 en væntanlega talsvert meira en hjá hinum Norðurlöndunum. Fjármálaráðherra mun því hafa ærið verkefni fyrir höndum á árunum 2019 og 2020 ef markmið Sigmundar Davíðs eiga að nást.

**Ekki í Mogganum**  
í Reykjavíkurbreði Morgunblaðsins

skrifaði ritstjórinn um bréf sem Tryggi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis, átti að hafa sent Eiríki Bergmanni Einarssyni. Davíð segir að margt sé athyglisvert í bréfinu og furðar sig á því að RÚV og 365 hafi ekki gert bréfinu skil í fréttum sínum. Ritstjórinn minnst hins

vegar ekkert á að bréfinu hafi ekki verið gerð nein skil í hans eigin blaði, Morgunblaðinu. Það var svo sem eðlilegt, enda var

bréfið aldeilis ekki frá umboðsmanni Alþingis, heldur nafna hans.

#### Hvað með Hafró?

Til stendur að flytja Fiskistofu frá Reykjavík til Akureyrar. Sjávarútvegsláðherra segir að flutningurinn geti kostað allt að 200 milljónum.

Það er varla til marks um góða forgangsröðun að á sama tíma og ráðist er í þetta verkefni sé Hafrannsóknastofnun svo þröngur stakur búinn að stofnunin getur hvorki sinnt sandsílarannsóknum né loðnurrannsóknum, eins og greitt hefur verið frá í fréttum Bylgjunnar og Fréttablaðsins. [jonhakon@frettabladid.is](mailto:jonhakon@frettabladid.is)



### HALLDÓR



## Er eitthvað að fréttu af náttúrupassa?

### FERÐAÞJÓ- NUSTA



Valgerður Bjarnadóttir alþingismaður

Eitt fyrsta verk stjórnarmeirihlutans eftir kosningarnar í fyrra var að lækka virðisaukaskatt á gistiþjónustu úr 14% í 7%. Þegar það var gert var áætlað að tekjur ríkissjóðs myndu lækka um 1,5 milljarða í ár vegna þessa. Ljóst er að tekjutapið er miklu meira, vegna þess að ferðamannastraumurinn hefur aldrei verið meiri.

Ríkisstjórnin er nefnilega þeirrar skoðunar að ríkissjóður eigi að sækja sem allra minnstar tekjur til atvinnuveganna, jafnvel þótt starfsemin blómstri sem aldrei fyrr. Atvinnurekendur, hvort heldur í ferðþjónustu eða sjávarútvegi, eru sterkur hagsmunahópur. Ríkisstjórnin vill ekki styggja þá og einungis leggja þau gjöld á atvinnuvegina sem „full sátt er um“. Eins og það sé líklegt að hagsmunahópur segi einhvern tímann: „já, þetta er sanngjarnt, við ráðum vel við þetta.“

Ef atvinnuvegirinn leggja ekki sinn skerf til samfélagsþjónustunnar, þá verður skattbyrði hinna – launafólks – þyngri. Það er ekki flóknara en það.

Í stað almennrar skattlagningar vill stjórnarmeirihlutinn leggja á gjöld; þeir

borga sem njóta. Nú er liðið meira en ár síðan ruglið um náttúrupassann byrjaði. Gjaldtökuna sem allir eiga að vera sáttir við. Landeigendur eru svo sáttir við mála-tilbúnaðinn, að þeir hafa lagst út í lögleysu og innheimt gjöld af fólki sem á leið um lundur þeirra.

Ferðamálaráðherra er steinhissa, skilja menn ekki að hún er að leysa þetta, hefur átt fundi með fjölda fólks um málið. Auðvitað hefur ekkert komið út úr þeim fundarhöldum öllum saman. Engar tillögur eru komnar fram.

Í stjórnarandstöðu var ráðherra hávaðasöm um að ekki mætti leggja á gjöld sem varða ferðþjónustuna nema með góðum – löngum – fyrirvara. Mig minnir að í þeirri andrá hafi verið talað um allt að 18 mánuði.

Ef ríkisstjórnin leggur fram tillögur strax á haustþingi um hvernig haga eigi tekjuöflun til að standa undir uppbyggingu innviða í þessari nú mikilvægustu eða næstmikilvægustu atvinnugrein landsins, má gera ráð fyrir að þær ráðstafanir taki gildi árið 2016. Það er nú aldeilis munur að hafa röggamt fólk í brúnni.

# Dráp fyrir auga, morð fyrir tönn

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson  
ríthöfundur

Fólk er yfirleitt heldur gott – svona þegar því er sjálfrátt og það er óbrjálað af lygum og hóprógi. Manneskjur eru upp til hópa forvitnar, óáreitnar og greiðvinknar, hafi þær á annað borð óskerta hæfileika til samlíðunar; þær finna til með þeim sem eiga bágt og vilja gjarnan rétta þeim hjálparhönd – sé það ekki alltof mikið vesen – þær vilja helst ekki vinna öðrum mein. Tannsmiðurinn Ingrid vill gjarnan kynnast húsverðinum Ahmed sem hefur velviljaðan áhuga á sporvagnsstjóranum Boris... Það kostar venjulega og heilbrigða manneskju ógurlegt átak að drepa aðra manneskju, og þeir sem í slíka ógæfu rata jafna sig oft aldrei á því. Þess vegna þurfa hermenn að ganga í gegnum grimma þjálfun áður en þeir geta gengið til mannvíga. Halldór Laxness skrifaði einhvern tímann í grein um Vietnamstríðið að enginn maður eigi að drepa fleiri en hann geti borðað sjálfur. Þar hitti hann naglann á höfuðið – að vanda.

En dæmin sanna líka að manneskjan er furðu veik fyrir tröllasögum um illsku annarra; það er auðvelt að innræta fólk að aðrir sitji á svikráðum við það og telja því trú um að það þurfi að verja sig og sína, eigi það að halda lífi – og þá fremur hópum en einstaklingum – jafnvel að verða

fyrir til, með svokölluðum „fyrirbyggjandi aðgerðum“. Meira að segja hér í Norður-Evrópu, þar sem menn hafa löngum haft þá sjálfsmynd að þeir séu víðsýnir og umburðarlyndir, eru æ fleiri sem virðist hægt að telja trú um að þeim standi einhver sérstök ógn af pakistönskum kjósksalá, sómölskum lækni eða möntvask-eiganda frá Kýpur.

## Óvinir „okkar“

Og áður en varir heltekur illskan mætasta fólk. Í heiminum starfa öfl sem hafa ómældan hag af því að sá tortryggni og illsku þjóða og hópa í milli – ekki sist vopnaframléiðendur og valdsmenn sem þurfa „aðsteðandi ógn“ til að hlaða undir vald sitt; og ekki þarf að fylgjast lengi með bandarísku sjónvarpsefni og bíómyndum til að sjá að þar er lögð stund á markvissa óttaframléiðslu.

Á 19. öld og fram eftir þeirri 20. var gyðingahatur skelfilegt samfélagsmeið í Evrópu, og náði meira að segja hingað til lands. Alls konar öfl sáu sér hag í því að útmála gyðinga sem óvini „okkar“, og skipti þá engu máli hvort um var að ræða gyðinga sem trúir voru aldagömlum síðum í sinn hóp eða aðra sem kastað höfðu trúnni en voru útmálaðir sem úlfar í saudargæru. Gyðingum var kennt um hvers kyns ófarir og óáran, gert var gys að síðum þeirra og þeir smánaðir og lítillækkaðir – svo að minnir á þá meðferð sem múslimar mega sæta nú á dögum í ýmsum Evrópulöndum. Gyðingaandúðin sem alið var á í Evrópu fékk að vaxa ótálin und hún náði hámarki hjá nasistum í Þýskalandi og samverkamönnum þeirra, einkum í mið- og austur-

hluta Evrópu, með helförinni þar sem markmiðið var beinlínis að útrýma gyðingum.

Sá hryllingur gleymist ekki og fyrir þau vöðaverk verður aldrei bætt. En útrýmingartilraun nasista gefur fólk í Ísrael ekki rétt umfram annað fólk til að sitja yfir hlut annars fólks. Ísraelsmenn hafa ekki meiri rétt til lands í Palestínu en afkomendur þess fólks sem fyrir var í landinu þegar stórfelldir flutningar gyðinga hófust þangað eftir seinna stríð með tilvísunum í fornrit. Ísraelsmenn hafa ekki meiri rétt til þjáningarinnar en það fólk okkar daga sem þeir loka inni á afmörkuðum og rýrum svæðum, skammta slitrótt rafmagn, skammta lélegt vatn, brjóstast inn í húsin þess, brjóta þar allt og bramla, ekki síst samfélagslega innviði, niðurlægja í sífellu með margvíslegum hætti eins og herraþjóð gerir jafnan til að skapa ótta hjá undirokuðu fólk. Þetta fólk sem í fréttatímunum er kallað „palestínkir vígamenn“ býr við þau kjör að vera fyrirvaralaust rekið af löndum sínum, hús þess eru jöfnuð við jörðu af jarðýtum, múrar eru byggðir í kringum það, og æmti það hið minnsta rignir yfir það sprengjunum.

## Hryðjuverk

Forsagan um meðferð á gyðingum í Evrópu skýrir ýmislegt í tilveru og sjálfsmynd Ísraelsríkis. Þetta er ríki reist á ótta og fullvissu um aðsteðjandi ógn. Gyðingaofsóknir fyrri alda gáfu Ísraelsmönnum fórnarlambskennnd frá byrjun; og þannig upplifa þeir sig enn á meðan þeir sprengja upp hús, drepa börn, sölsa undir sig eitur og land annars fólks.

Smám saman hefur almenningsálitið í heiminum snúist gegn hervélinni sem vaxið hefur og vaxið í Ísrael og ræður þar lögum og lofum, fjármögnuð af Bandaríkjamönnum sem skjóta ævinlega skildi fyrir framferði Ísraelsmanna á alþjóðavettvangi enda eru ítök lobbýista á vegum Ísraelsstjórnar enn slík í Bandaríkjunum að óhugsandi er fyrir þingmann að ná kjöri á Bandaríkjaþingi án undangenginna trúnaðarelda við Ísraelsríki.

Þegar blokk er jöfnuð við jörðu á Gaza eftir að enn eitt

Í heiminum starfa öfl sem hafa ómældan hag af því að sá tortryggni og illsku þjóða og hópa í milli

flugskeytið hefur borist þaðan – og geigað – þá er þar um að ræða hóprefsingu og hending ræður hver verður fyrir sprengingunni. Slík dráp eru kennd við hryðjuverk þegar þau bitna á Vesturlandabúum.

# Aukið samráð og fleiri valkostir

Uppbygging flutningskerfis raforku og bætt afhendingaröryggi eru meðal brýnustu verkefna sem stjórnvöld standa frammi fyrir. Flutningskerfið annar ekki raforkubörf allra svæða landsins og hamlar á meðan mikilvægri atvinnuuppbyggingu. Nauðsynleg uppbygging kerfisins er dýr og þarfnast mikils skipulags og forgangsroðunar. Taka þarf tillit til fjölbreyttra sjónarmiða og hagsmuna, m.a. hvort leggja skuli raflínur í jörð eða ofanjarðar. Þegar slíkir hagsmunir eru undir þarf að vanda til verka og hafa víðtækt samráð til að skapa sem mesta sátt um stefnumótun í málaflökknum.

Slík vinna hefur verið unnin í mínu ráðuneyti allt síðasta ár. Í fyrra lagði ég skýrslu nefndar um raflínur í jörð til umfjöllunar á Alþingi og skilaði atvinnuveganefnd þingsins greinargóðu nefndarálti sem veitir góða leiðsögn frá þinginu. Samhliða hófst í ráðuneytinu endurskoðun raforkulaga í samráði við hagsmunaaðila þar sem ætlunin var að skýra betur stöðu kerfisáætlunar Landsnets um uppbyggingu flutningskerfisins. Drög að frumvarpi voru sett á heimasíðu ráðuneytisins 27. júní sl. í opió umsagnarferli sem stendur til 20. ágúst. Því næst verður unnið úr athugasemdemum sem berast og stefni ég að því að leggja frumvarpið fram á Alþingi í haust.

## Grunnmarkmið er aukið samráð fyrir í ferlinu

Lagt til að ákvæði laganna um kerfisáætlun verði gerð mun ítarlegri en áður auk þess sem mælt er fyrir um hlutverk Orkustofnunar í tengslum við kerfisáætlun. Eitt af grunnmarkmiðum frumvarpsins er að tryggja

## BÓKMENNTIR



Ragnheiður Elin Arnadóttir  
iðnaðarráðgjafi

sem víðtækast samráð við hagsmunaaðila við undirbúning og vinnslu kerfisáætlunar og þar með við uppbyggingu flutningskerfisins. Þetta hefur ráðuneytið haft að leiðarljósi frá upphafi og átt afar farsælt samráð m.a. við fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga. Það góða samráð var staðfest í frétt á vefsíðu þeirra þann 27. júní þar sem segir m.a.: „Samráð hefur verið haft um efni frumvarpsins við fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga og hefur verið tekið ágætt tillit til sjónarmiða þeirra við gerð frumvarpsins.“

Frumvarpinu er ætlað að efla samráð strax á fyrstu stigum undirbúnings í stað þess að málin komi inn á borð sveitarstjórna á lokastigum, eins og nú er. Með kerfisáætlun verður annars vegar stíllt upp tíu ára langtímaáætlun og hins vegar þriggja ára framkvæmdaáætlun. Landsneti verður gert að hafa ítarlegt samráð við sveitarfélögin og aðra hagsmunaaðila og leggja mat á fleiri en eina útfærslu. Það er síðan hlutverk Orkustofnunar að fara yfir og samþykka kerfisáætlun og að hafa víðtækt samráð við hagsmunaaðila í því ferli. Má því segja að um tvöfalt samráðsferli sé að ræða til að tryggja að tekin sé afstaða til allra sjónarmiða. Aðkoma sveitarfélaga og annarra hagsmunaaðila er því styrkt verulega frá því sem nú er.

## Umfjöllun Fréttablaðsins

Fréttablaðið fjallaði í síðustu viku um frumvarpsdrögin en í stað þess að fjalla um frumvarpið í heild var staldrað við einstakar málsgreinar þannig að lesandinn átti síður kost á að glöggva sig á markmiðum og meginatriðum frumvarpsins. Fjallað var um frumvarpsdrögin eins

→ Frumvarpinu er ætlað að efla samráð strax á fyrstu stigum undirbúnings í stað þess að málin komi inn á borð sveitarstjórna á lokastigum.

og þau væru endanleg, en ekki sem drög í almennu umsagnarferli. Fullyrt var að kostnaður við raflínur í jörð myndi lenda á sveitarfélögum eins og það yrði almenn regla, en það er einfaldlega rangt.

Sérstaklega var tekið fram að ég hafi ekki viljað tjá mig við blaðamanninn, sem óskaði eftir viðbrögðum mínum við einstökum málsgreinum einstakra greina. Á meðan mál er í opnu umsagnarferli er ekki óeðlilegt að ráðherra kjósi að halda sig til hlés í opinberri umræðu, enda tilgangurinn með ferlinu að gefa aðilum færi á að tjá sig um efni frumvarpsins. Sérfræðingar ráðuneytisins veittu blaðamanninum hins vegar allar upplýsingar um málið almennt og um einstakar greinar þess. Ég ítreka að frumvarpið er enn í vinnslu og mun ekki líta dagsins ljós í endanlegri mynd fyrr en að loknu umsagnarferlinu.

Ég vil að lokum enn ítreka að málið hefur verið unnið í sátt og góðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga – þó menn hafi allan tímann gert sér grein fyrir því að einstök sveitarfélög og aðrir myndu senda inn athugasemdir. Ég hvet sveitarstjórnarmenn og alla áhugasama til þess að kynna sér frumvarpsdrögin og senda inn athugasemdir fyrir 20. ágúst.

Þegar endanlegt frumvarp liggur fyrir er mér að sjálfsögðu ljúft og skylt að útskýra efni þess og svara fyrir það að öðru leyti, hvort sem er við Fréttablaðið eða aðra. En á meðan það er í opnu umsagnarferli er rétt að frumvarpsdrögin tali fyrir sig sjálf.



## TIMEOUT HÆGINDASTÓLL



TIMEOUT

Tilboð

kr. 322.980

með skemli



TIMEOUT STÓLLINN

Hannaður með fagurfræði og þægindi að leiðarljósi. Hönnuður: Jahn Aamodt

CONFORM®

# Betra BAK

Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477

Dalsbraut 1, Akureyri • Sími: 558 1100

Opíð virka daga frá kl. 10-18

laugardaga frá kl. 11-16 og sunnudaga frá kl. 13-17

✝

Ástkær móðir okkar,  
tengdamóðir, amma og langamma,  
**RAGNHEIÐUR KRISTINSDÓTTIR**  
Hrafnistu, Hafnarfirði,  
verður jarðsöngin frá Hafnarjarðarkirkju  
þriðjudaginn 15. júlí kl. 13.00. Blóm og kransar  
vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja  
minnast hennar er bent á líknarstofnanir.

**Ásta Úlfarsdóttir**  
**Pórunn Úlfarsdóttir**  
**Ásgeir Úlfarsson**  
barnabörn og barnabarnabörn.

**Kristinn Þórir Sigurðsson**  
**Haraldur Þór Ólason**  
**Ína Skúladóttir**



✝

Ástkær eiginkona, móðir okkar,  
dóttir, systir, amma og langamma,  
**KRISTÍN HEIÐRÚN**  
**BERNHARÐSDÓTTIR**  
Dalsbyggð 17, Garðabæ,  
lést á Landspítalanum miðvikudaginn 9.  
júlí síðastliðinn. Jarðarförin fer fram frá  
Vidalínskirkju fimmtudaginn 17. júlí kl. 15.00.  
Þeim sem vildu minnst hennar er bent á deild 11E  
á Landspítalanum við Hringbraut.

**Fyrir hönd stórfjölskyldunnar,**  
**Guðmundur Niels Guðnason**



✝

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu  
okkur samúð og vinarhug við andlát og  
jarðarför föður okkar og tengdaföður,  
**KRISTJÁNS ÞORGEIRSSONAR**  
Hlaðhömrum, 2 Mosfellsbæ,  
sem lést 8. júní. Sérstakar þakkir til  
starfsfólks Hlaðhamra, K2 á Landakoti og  
hestamannafélagsins Harðar.

**Ólöf Ásta Kristjánsdóttir**  
**María Kristjánsdóttir**  
**Ingibjörg Kristjánsdóttir**  
**Páll Kristjánsson**  
og fjölskyldur.

**Guðmundur V. Þórðarson**  
**Kristinn Orri Erlendsson**  
**Katrín Tómasdóttir**



✝

Okkar ástkæri  
**RAGNAR LEÓSSON**  
Höfða, hjúkrunar- og  
dvalarheimili á Akranesi,  
sem lést 8. júlí, verður jarðsöngin frá  
Akranesarkirkju þriðjudaginn 15. júlí  
kl. 14.00. Þeim sem vilja minnst hans  
er bent á Höfða.

**Friða Ragnarsdóttir**  
**Kristín Ragnarsdóttir**  
**Ragna Ragnarsdóttir**  
**Birna Ragnarsdóttir**  
**Leó Ragnarsson**  
og fjölskyldur.

**Ásgeir R. Guðmundsson**  
**Grettir Hákonarson**  
**Helgi Guðnason**  
**Kristinn Eiríksson**  
**Halldóra Gyldadóttir**



**LEGSTEINAR**  
MIKIÐ ÚRVAL AF  
FYLGJHLUTUM  
VÖNDUÐ VINNA



**Steinsmiðjan Mosaik**  
Stofnað 1952 Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is



**Nýtt á heimsvísu**  
**VARANLEGT LETUR**  
Eingöngu hjá Graníthöllinni

**Eitt mesta úrval landsins  
af fallegum legsteinum  
og fylgihlutum hjá  
Graníthöllinni**



**Graníthöllin**  
Legsteinar  
www.granithollin.is  
Bæjarhrauni 26 Hafnarfirði 555-3888



**PETTA GERÐIST: 14. JÚLÍ 1974**

## Hringvegur opnaður um Ísland

Vegurinn yfir Skeiðarásand var formlega opnaður þennan mánaðardag fyrir fimm-tíu árum, með vígslu Skeiðarárbrúar. Þar með opnaðist hringvegurinn um Ísland sem var mikil bylting í samgöngum þjóðarinnar og því eru tímamót í dag.

Smíðaðar voru 12 brýr í þessari stóru framkvæmd, samanlagt 2004 metrar að lengd. Þar af var Skeiðarárbrú 904 metrar og var lengsta brú landsins. Áður höfðu

vötnin á sandinum bylt sér þar óhamin.

Mikill bílafloki var kominn á hátíðasvæðið við vestari brúarsporðinn upp úr hádeginu þennan dag enda hafði fjöldi fólks safnast þar saman til að fagna þessum áfanga. Tjaldað var yfir svið og pall og kom það sér vel því að helliskúr gerði meðan dagskrá stóð sem hæst og varð að gera hlé á henni því ekki heyrðist mannsins mál.



Á SÝNINGUNNI Í VÍK Landbrot, pappírsværk eftir Sæunni Þorsteinsdóttur.

## Þráðlist virðist vera talin tengjast konum

Tuttugu listakonur Textílfélagsins sýna verk sín í Vík í Mýrdal, í Halldórskafti og Suður-Vík. Það er liður í að halda upp á fertugsafmæli félagsins. Ingiríður Óðinsdóttir er formaður.


Textílfélagið á fjörutíu ára sögu að baki og formaður þess, Ingiríður Óðinsdóttir textílhönnuður, segir það alltaf að stækka. „Við erum orðnar sjötíu og fimm í félaginu, allt konur með myndlistar- eða hönnunarnám að baki,“ upp lýsir hún.

Engir karlmenn? „Nei, það eru ekki margir karlar sem hafa farið í gegnum nám í textílgærd hér á Íslandi og þeir fáu hafa ekki skilað sér í félagið. Þráðlist virðist vera talin tengjast konum. Sumar eru eingöngu í myndlist sem tengjast þráðum og stundum pappír, til dæmis vefnaði, tauprykki, þæfingu og útsaumi. Svo eru margar eingöngu að vinna við hönnun en aðrar fást bæði við myndlist og hönnun, þannig að það skarast. Þrykkjarar eru til dæmis oft að hanna dúka, púða, slæður eða annað. Búa til mynstur og yfirfæra það á ramma.“

En finnst Ingiríði þráðlist njóta jafn mikillar virðingar og til dæmis málverkíð? „Mér finnst mörk myndlistar vera að hverfa. Það er verið að vinna myndlist í tvívídd og þrívídd og í öll möguleg efni þannig að þráðlist á algerlega heima með annarri myndlist.“

Nú er afmælisár. Hvernig halda félagskonur upp á það? „Oft hefur verið ein stór sýning á ári, nú ákváðum við að breyta til og halda nokkrar smærri sýningar, líta inn á við og virkja félagana, vera með námskeið og fyrirlestra. Það er að skila

Sumar eru eingöngu í myndlist sem tengjast þráðum og stundum pappír, til dæmis vefnaði, tauprykki, þæfingu og útsaumi. Svo eru margar eingöngu að vinna við hönnun en aðrar fást bæði við myndlist og hönnun, þannig að það skarast.



### → Í upphafi var textíleild

Textílfélagið var stofnað í nóvember árið 1974 af nemendum og kennurum textíleildar Myndlista- og handíðaskólans ásamt starfandi textíllistamönnum. Upphaf þess má rekja til þess að árið 1970 hafði textíleild verið stofnuð við skólann af þáverandi skólastjóra, Herði Ágústssyni.

Félagið er eitt af aðildarfélögum Sambands íslenskra myndlistarmanna og Hönnunarmiðstöðvar Íslands.

# FÓLK

KYNNINGARBLAD

## ELDHÚSSÚLUR

Hönnuðurinn Oliver Richardson hefur hannað skemmtileg eldhústól sem hægt er að raða upp í súlur í stað þess að geyma í skúffum. Í súlunum má til dæmis finna eggjabikara, upptakara, stundaglas, saltstauka og piparkvörn.



## JEPPARAFAGEYMAR

Er bíllinn tilbúinn fyrir ferðalagið?



Öflugir **TUDOR** High Tech rafgeymar fyrir jeppa.

- 100 Ah, 850 Amper
- 30% meiri ræsikraftur
- Alveg lokaðir og viðhaldsfríir
- Öruggræsing í miklum kulda
- Sýna hleðslu: Fullhlaðinn, hálfur eða tómur
- Góðir fyrir jeppa með miklum auka rafbúnaði

Mikið úrval • Taust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla

**SKORRI**  
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is

## ÞYKKARA OG HEILBRIGÐARA HÁR

**HALLDÓR JÓNSSON EHF. KYNNIR** Nioxin-hárvörurnar hafa slegið í gegn á Íslandi og margsannað gildi sitt. Þær draga úr hárlosi og gera hárið líflegra.

Fjöldi fólks glímur við óeðlilegt hárlos. Það getur verið af ýmsum völdum svo sem erfða, hormónabreytinga, sjúkdóma, álags, mataræðis, vöðvabólgu og fleiri þátta. Nioxin-hárvörurnar hjálpa til við að draga úr hárlosinu með því að auka blóðflæði til hársökkja og skapa hárinu gott vaxtarumhverfi ásamt því að huga að veikburða hári sem brotnar auðveldlega.

„Ég hef notað Nioxin síðastliðið ár með mjög góðum árangri. Hárið er orðið þykkara og betra. Það verður líflegra, fær aukinn glans og lyftingu.“ segir Þórdís Örlygsdóttir, hársnyrtmeisteri á Touch hárstofu.

Nioxin-hárvörurnar hluta á dögnum hin eftirsóttu verðlaun „Stylist Choice Award“ tólfta árið í röð. Vörurnar eru eingöngu seldar á hársnyrtistofum og eru mjög auðveldar í notkun. Í upphafi notkunar greinir fagmaður á hársnyrtistofu hár viðskiptavinarins og velur vörur úr línunni við hæfi hvers og eins. Grunnpakki af Nioxin samanstendur af sjampói, næringu og sérstöku efni fyrir hársvörðinn.

„Hárlos og hárþynning er ótrúlega algengt vandamál hjá báðum kynjum og í sumum tilfellum getur þetta verið mjög viðkvæmt og jafnvel feimnismál. Við höfum verið með Nioxin-vörurnar í sölu á Touch hárstofu frá síðasta sumri og árangurinn sem við höfum séð hjá mörgum af viðskiptavinum okkar er undraverður,“ segir Þórdís.

Á hárgreiðslustofum er einnig hægt að fá dýpri meðferð gegn hárlosi og hefur það verið mjög vinsælt hjá nýbökkuðum mæðrum sem margar ganga í gegnum mikið hárlos eftir barnsburð. „Nioxin er langbesta lausn sem ég hef kynnst sem hársnyrtmeisteri þegar kemur að meðferð við hárlosi og hárþynningu og ég hvet alla sem eiga við þau vandamál að stríða að spyrja um Nioxin í næstu heimsókn sinni á hárgreiðslustofuna sína.“



**ÞÓRÐÍS ÖRLYGSDÓTTIR HÁRSNYRTIMEISTARI**  
Þórdís á Hárstofunni Touch hefur notað Nioxin-vörurnar með góðum árangri. MYND/VALLI



**GRUNNPAKKI** Grunnpakki af Nioxin samanstendur af sjampói, næringu og efni fyrir hársvörðinn.

GÆÐI - ENDING - ÁNÆGJA



www.weber.is



Reverie®

Vönduð stillanleg  
REVERIE 7S með okkar  
bestu IQ-CARE heilsudýnu  
2x90x200 cm  
Verð frá kr. 499.900.-  
Kíktu á www.reverie.com



- Inndraganlegur sterkur stálbotn. Rúm dregst upp að vegg þegar baki er lyft upp
- Hægt er að fá búnað til að nota iPad, iPhone, iPod Touch eða Android snjalltæki sem fjarstýringu.
- Mismunandi nuddstillingar
- Hljóðlátir og krafmiklir mótórar
- Lyftigetga 2x611 kg, hvor botn
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færast ekki í sundur.
- Glæsileg fjölnota fjarstýring

12 mán.  
vaxtalaugar  
greiðslur\*

Frábært tilboð

á eldri gerðum af REVERIE 3E stillanlegum rúmunum með MEMORY heilsudýnum. Stærðir 2x90x200 cm  
Verð frá kr. 219.945.-

\*3.5% lántökugjald



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

Fimm stjörnu verslun

Svefn & heilsa

★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233  
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150  
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00  
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

Gerðu gæða- og verðsamanburð

Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**  
 Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**  
 Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**  
 Sölumenn:  
**Bryndis Hauksdóttir**,  
 bryndis@365.is, s. 512 5434  
**Kolbeinn Kolbeinsson**,  
 kolli@365.is, s. 512 5447


**HITA KÚTAR**  
 Amerísk gæða framleiðsla  
 30-450 lítrar  
 Umboðsmenn um land allt  
**RAFVÖRUR**  
 DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI  
 Sími 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)

SAFTÍ



**FRJÓTT TEYMI** Ólöf Erla Bjarnadóttir (t.v.) og Margrét Guðnadóttir sameina krafta sína í hönnun áhaldna.



# VINNA OG NATNI

**SAMVINNA Í HÖNNUN** Tveir hönnuðir Kirsuberjatrésins hanna og framleiða áhöld úr postulíni og körfuvíði. Samstarfið hefur kveikt margar hugmyndir.

Nýlega hófu tveir hönnuðir verslunarinnar Kirsuberjatrésins samstarf um hönnun og framleiðslu áhaldna úr postulíni og körfuvíði. Um er að ræða þrjár línur; skeiðar, ausur og salatáhöld og fást vörurnar í Kirsuberjatrénu við Vesturgötu í Reykjavík. Hönnuðirnir tveir, Ólöf Erla Bjarnadóttir og Margrét Guðnadóttir, segja mikla vinnu og natni lagða í hvert áhald til þess að finna réttan sameiginlegan tón fyrir hvern grip, bæði í formi, lit og notagildi. „Fyrst handmóta ég áhöldin í lófanum eða í rennibekk og síðan skreyti ég þau, glerja og brenni,“ segir Ólöf. Því næst tekur Margrét við og tálgar sköftin úr körfuvíði sem hún ræktar á landi sínu í Skorradal. „Ég klippi körfuvíðinn í greinar og tálga hann í sköft sem ég lita og festi að lokum við áhöldin,“ bætir Margrét við. Áhöldin eru postulínshvít með bláum, grænum og brúnum tönnum.

Hugmyndin að samstarfinu kviknaði í upphafi árs þegar hönnuðir Kirsuberjatrésins fengu þá hugmynd að vinna í þörum fyrir HönnunarMars.

Ólöf segist lengi hafa haft skeiðar á heilanum og stakk því upp á samstarfi við Margréti sem tók hugmyndinni vel. „Okkur fannst hönnun okkar beggja passa vel saman og gefa mikla framtíðarmöguleika. Samstarfið hefur kveikt margar nýjar hugmyndir og okkur finnst spennandi tilhugsun að taka þær lengra.“

Báðar hafa þær starfað lengi við eigin hönnun. Ólöf, sem er keramikhönnuður, útskrifaðist úr Myndlista- og handíðaskóla Íslands og hefur starfað við fagið síðan árið 1985 og nær eingöngu unnið með postulín síðustu 10-15 ár.

Margrét stundaði nám í hönnun, vefnaði og körfugerð í Bandaríkjunum í sex ár. Hún hefur að mestu unnið með tágur, pappír og önnur náttúruleg efni, nú síðast með eigin körfuvíði. Margrét er þekktust fyrir hönnun og framleiðslu á spildósunum með íslenskum þjóðlögum. Hönnun þeirra beggja fæst í Kirsuberjatrénu sem er bæði gallerí og verslun.

Nánari upplýsingar má finna á [www.kirs.is](http://www.kirs.is) og á facebook síðunni KirsuberjatrédÍslenskHönnun.



**Tupperware® for everyone 2014**

**TUPPERWARE LAGERSALAN**  
 heldur áfram í Háholti 23, Mosfellsbæ alla virka daga til 31. júlí 2014

Mikið úrval af ferðavörum í útileguna.  
**40-60% afsláttur**

Opið mánudaga-fimmtudaga kl. 13:00-18:00 og föstudaga kl. 13:00-17:00.

Mirella ehf – Tupperware umboðið  
 Sími: 586 8050 Netfang: [mirella@simnet.is](mailto:mirella@simnet.is)

FJÖLBREYTT ÚRVAL AF HURÐUM, FRAMHLIÐUM, KLÆÐNINGUM OG EININGUM, GEFA ÞÉR ENDALAUSA MÖGULEIKA Á AÐ SETJA SAMAN ÞITT EIGIÐ RÝMI.

**SJÓÐHEITT SUMARTILBOÐ**  
**25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ELDHÚSINNRETTINGUM ÚT JÚLÍ**

**Friiform**  
 friform.is  
 Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500 · Opið: Mán. - fim. kl. 09-18 / Fös. 9-17 - Lokað á laugardögum í sumar

**NÝTT – NÝTT**  
**8 rétta hlaðborð í hádeginu**  
**TILBOÐ KR. 1.390.-**  
**OPIÐ KL. 11:00-14:00**  
 Hlaðborðið er alla virka daga. ekki um helgar.

**Kinahofid**  
 NÝBÝLAVEGI 20 SÍMI 554-5022



## LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900  
landmark.is

Landmark leiðir þig heim!



Magnús Einarsson Löggitur fasteignasali Sími 897 8266 | Sigurður Samúelsson Löggitur fasteignasali Sími 896 2312 | Sveinn Eyland Löggitur fasteignasali Sími 690 0820 | Íris Hall Löggitur fasteignasali | Þórarinn Thorarensen Sölustjóri Sími 770 0309 | Kristberg Snjólfsson Sölufulltrúi Sími 892 1931 | Eggert Mariússon Sölufulltrúi Sími 690 1472 | Guðrún Dilljá Lúðvíksdóttir skjalagerð | Sigurður Fannar Guðmundsson Sölufulltrúi Sími 897 5930 | Benedikt Ólafsson Sölufulltrúi Sími 661 7788

### 100% Þjónusta = árangur\*

\* Starfsemi Landmark byggir á öflugum mannauði sem veitir afburðaðþjónustu! Okkur er sönn ánægja að sjá um þín fasteignaviðskipti – þú hringir við seljum!

### Oddagata 6 - 101 Rvk

Opið hús þriðjudaginn 15. júlí milli kl. 18-19.

OPIÐ HÚS



EINBÝLI Á BESTA STAÐ

Skemmtilega skipulagt og virðulegt 207 fm einbýlishús á einstökum stað skammt frá Háskóla Íslands. Góðar stofur, 5 svefnherbergi. Til afhendingar strax. Verð: 85 millj. Bárður Tryggvason sýnir S: 896-5221.

**VALHÖLL**  
FASTEIGNASALA

Ingólfur Gissurarson lgf.  
Valhöll fasteignasala • Síðumúla 27 • Sími:588-4477.

Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)



## Hús í hjarta borgarinnar

Fasteignamarkaðurinn hefur til sölu virðulegt hús að Suðurgötu 12.

Húsið er kjallari og tvær hæðir, samtals 357,2 fermetrar auk 21,8 fermetra bílskúrs. Húsið stendur á fallegri og gróinni um 900 fermetra lóð. Átta bílastæði eru á baklód hússins og möguleiki er á að fjölga bílastæðum.

Húsið var reist árið 1899 af Ásgeiri Sigurðssyni kaupmanni í versluninni Edinborg. Síðar eignaðist húsið Niels Dungal, læknir og próffessor. Undanfarnir 25 ár hafa verið starfræktar læknastofur í húsinu. Það hentar bæði undir þjónustustarfsemi og sem glæsilegt íbúðarhús.

Á 1. hæð hússins er viðbygging, sem í er móttaka með mótökuborði og skilrúmi úr gleri, tvö herbergi, salerni og ræstikompa. Innangengt er úr viðbyggingu í stigagang aðalbygg-



Húsið hentar bæði sem reisulegt íbúðarhús eða undir þjónustustarfsemi.

ingar en þar eru þrjú stór og afar glæsileg herbergi með mjög mikilli lofthæð.

Á 2. hæð hússins er stigapallur, þrjú stór herbergi og eru svalir út af einu þeirra til austurs. Auk þess eitt rúmgtt herbergi og snyrting með glugga. Aukin lofthæð er á 2. hæð hússins.

Geymslur er yfir efri hæð hússins, manngengt að hluta.

Í kjallara hússins er forstofa, biðstofa, herbergi, tvær rúmgtt-ar geymslur, gangur, snyrting og rúmgtt eldhús með innréttingu.

Húsið að utan var allt endurnýjað fyrir rúmlega 20 árum og er í góðu ástandi.

Hið innra er húsið í góðu ástandi, endurnýjað fyrir rúmlega 20 árum. Raflagnir og rafmagnstafla eru í góðu ástandi.

### Fasteignasala Mosfellsbæjar

Einar Páll Kjærnested löggr. fasteignasali. [einar@fastmos.is](mailto:einar@fastmos.is)



KJARNNA - ÞVERHOLTÍ 2 • 270 MOSFELLSBÆ • Sími: 586 8080 • FAX: 586 8081  
[WWW.FASTMOS.IS](http://WWW.FASTMOS.IS)

#### Aðalþing 5 - 203 Kópavogur

Nýtt á skrá



Sérstaklega vandað og vel staðsett 409 fm einbýlishús, þar af 60 fm bílskúr við Aðalþing í Kópavogi. Um er að ræða nýlegt steinsteypt tveggja hæða hús klætt að með marmarflisum og timburklæðningu að hluta. Mikil lofthæð og falleg hönnun gerir þetta hús mjög bjart og skemmtilegt. Ekkert hefur verið sparað í innréttingum og tækjum. V. 115 m.

#### Akurhvarf 14 -203 Kópavogur

Nýtt á skrá

Laus strax



Fallegt 208,7 m2 endaraðhús á tveimur hæðum við Akurhvarf 14 í Kópavogi. Gott skipulag. Stórar og bjartar stofur. Fallegar innréttingar. Glæsilegt baðherbergi og salerni. Afgirt timburverönd og hellulagt bílplan. V. 55,9 m.

#### Bakkasel 30 - 109 Reykjavík

Nýtt á skrá




Fallegt 233,8 m2 endaraðhús á þremur hæðum ásamt 19,5 m2 bílskúr, á fallegri lóð við Bakkasel 30 í Reykjavík. Þetta er fallegt endaraðhús með mikla möguleika fyrir stóra fjölskyldu, möguleiki á útleigu í kjallara. V. 49,9 m.

#### Fornahvarf 1 -203 Kópavogur

Nýtt á skrá

Laus strax



5.609 m2 byggingarlóð við Fornahvarf við Elliðaavatn. Á lóðinni standa 149,6 m2 einbýlishús ásamt 110,4 m2 vinnustofu sem eru í mjög lélegu ástandi. V. 79 m.

#### Völvufell 22 -111 Reykjavík

Nýtt á skrá

Laus strax



Fallegt endaraðhús ásamt bílskúr samtals 136,8 m2 við Völvufell 22 í Reykjavík. Eignin er skráð 136,8 m2, þar af raðhús 115,4 m2 og bílskúr 21,4 m2. Eignin skiptist í: Þrjú svefnherbergi, forstofu, hol, baðherbergi, þvottahús, eldhús, stofu og borðstofu. V. 31,9 m.

#### Klapparstígur 14 - 101 Rvk.

Nýtt á skrá

Laus strax



Falleg og björt 89,1 m2, 3ja herbergja íbúð á 3. hæð í lyftuhúsi við Klapparstíg 14 í Reykjavík. Fallegt útsýni. Stórir gólfíðir gluggar með fallegu útsýni sem gera íbúðina bjarta og skemmtilega. Falleg eldhúsinrétting með granitborðplötu. Gólfefni eru flisar. Húsið er byggt árið 2006. V. 39,9 m.

#### Gerplustræti 25-27 - 270 Mosfellsbær

Allt að 90% fjármögnun



Glæsilegar 4ra og 5 herbergja íbúðir í lyftuhúsi við Gerplustræti 25-27 í Mosfellsbæ. Íbúðirnar eru fullbúnar með eikarparketi og flisum, vönduðum tækjum og glæsilegum innréttingum frá GKS. Sérstæði í bílageymslu fylgir öllum íbúðum. Rúmgtt baðherbergi og sérgarður á 1. hæð. Glæsilegt útsýni. Stærðir frá 129 til 152 fm. Verð frá. 35,5 m.

Nýjar íbúðir

Lausar strax

#### Dalatangi 1 - 270 Mos.

Nýtt á skrá



Fallegt og vel skipulagt 213,8 m2 einbýlishús með innbyggðum bílskúr við Dalatanga 1 í Mosfellsbæ. Eignin skiptist í fjögur svefnherbergi, tvær rúmgtt-góðar stofur, tvö baðherbergi, eldhús, þvottahús og bílskúr. Steypt bílplan með snjóbræðslu og gróinn garður með timburverönd í suðvestur. V. 48,9 m.

#### Stórikriki 29 - 270 Mos.

Nýtt á skrá



Um 200 m2 einbýlishús í byggingu á fallegri jaðarlóð við Stórakrika 31 í Mosfellsbæ. Stórglæsileg og vandlega hannað einbýlishús á einni hæð. Eignin afhendist fullbúinn með innréttingum og gólfefnum. Bílplan hellulagt, en lóð að öðru leiti grófjöfnuð. V. 59,5 m.

#### Prastarhöfði 21 - 270 Mos.

Nýtt á skrá



Falleg 185,6 m2 endaraðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr við Prastarhöfða 21 í Mosfellsbæ. Eignin skiptist í fimm svefnherbergi, baðherbergi, gestasnyrting, þvottahús, forstofu, eldhús, stofu, borðstofu og bílskúr. Frábær staðsetning. Rétt við skóla, leikskóla, sundlaug og golfvöll. Timburverönd í suður. V. 47,5 m.



**Jón Guðmundsson**  
Lögg. fasteignasali  
jon@fastmark.is



**Guðmundur Th. Jónsson**  
Lögg. fasteignasali  
gtj@fastmark.is



**Elías Haraldsson**  
Lögg. fasteignasali  
elias@fastmark.is



**Gísli Rafn Guðfinnsson**  
Sölumaður  
gjsti@fastmark.is



**Elín D. Wyszamirski**  
Lögg. fasteignasali  
elini@fastmark.is



**Halveig Guðadóttir**  
Skrifstofustjóri  
hallveig@fastmark.is

Óðinsgötu 4, Sími 570 4500, opið virka daga kl 9 – 17.  
Netfang: fastmark@fastmark.is – www.fastmark.is

## Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

### Einbýlishús á útsýnisstað

Glæsilegt og mjög mikið endurnýjað um 300 fermetra einbýlishús á þremur hæðum með aukaíbúð í kjallara á glæsilegum útsýnisstað við sjóinn í vesturborginni.

Allar nánari upplýsingar veitir  
**Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fasteignasali.**

### Kirkjulundur - Garðabæ. Fullbúin 4ra herbergja útsýnisíbúð.



Glæsileg 129,0 fm. útsýnisíbúð á 3. hæð með svölum til vesturs í 5 hæða glæsilegri nýbyggingu við Kirkjulund í Garðabæ auk 8,5 fm. geymslu í kjallara og sér bílastæðis í bílageymslu. Íbúðin er fullbúin og innréttuð á vandaðan og smekklegan hátt. Innréttingar frá Fagus í Þorlákshöfn. Þrjú herbergi. Frábær staðsetning, stutt í alla þjónstu

Íbúðin er laus til afhendingar strax.

**Verð 55,9 millj.**

### Síðumúli. Glæsileg skrifstofuhæð.



Glæsileg 332,4 fm. mjög vönduð og mikið endurnýjuð skrifstofuhæð við Síðumúla 27 í Reykjavík. Hæðin skiptist í móttöku, tíu afstúkaðar skrifstofur, tvo stór opin rými þar sem væri hægt að útbúa fleiri skrifstofur ef vill, stórt fundarherbergi, eldhús með nýlegum innréttingum og tvo salerni. Manngengt geymsluriggur yfir allri hæðinni. Sameign er öll til fyrirmyndar og stigahús er nýlega flísalagt.

**Verð 69,5 millj.**

### Rauðhella- Hafnarfirði.



**Heil húseign til sölu eða leigu.**

Til sölu eða leigu 1.385,8 fm. heil húseign, staðsteypt, við Rauðhella 11 í Hafnarfirði. Húsnæðið hefur verið nýtt sem dekkjaverkstæði. Fjöldi innkeyrsludryra er 15 og hægt er að keyra í gegnum húsið. Aðkoma að húsinu er mjög góð og stórt og gott athafnasvæði er á lóðinni, sem er malbikuð og tæplega 5.000 fermetrar að stærð. Mögulegt væri að selja eða leigja eignina í smærri einingum.

**Seljendur skoða skipti á öðrum eignum.**

### 3JA HERBERGJA



#### RJÚPNASALIR - 2JA-3JA HERBERGJA

- 93 fm. útsýnisíbúð á 10. hæð í Salarhverfinu.  
- Yfirbyggðar svalir í suðaustur.  
- Möguleiki að stúka af gott herbergi í hluta stofu.  
- Einstakt útsýni er úr íbúðinni.

**28,5 millj.**

### 4RA- 6 HERBERGJA



#### KEILUGRANDI - ÍBÚÐ Á EFSTU HÆÐ.

Mjög góð 106,0 fm. íbúð á efstu hæð (4. og 5. hæð) ásamt sér stæði í bílageymslu í vesturbæ Reykjavíkur. Útsýni til sjávar úr eldhúsi og stofu. Stofa með góðri lofthæð og svölum til suðurs. Tvö baðherbergi, bæði flísalögð. Fjögur herbergi. Skipt var um alla þakglugga árið 2006.

**42,0 millj.**

### Lundur 2 - 6 - Kópavogi



Nýjar og vandaðar 2ja til 6 herbergja íbúðir frá 100,7 fm. upp í 179,9 fm. í Lundi 2-6 í Kópavogi. Stæði í bílageymslu fylgir öllum íbúðum. Íbúðirnar eru afhentar án gólfefna, nema flísar verða á baðherbergi og í þvottahúsi. Í eldhúsi verður eikarinnrétting frá Brúnás. Lyfta gengur niður í bílageymslu. Lóð verður frágengin með grasþökum og gróðri ásamt malbikuðum bílastæðum og hellulögðum gangstéttum með snjóbræðslukerfi við húsið.

**Byggingaraðili: Byggingarfélag Gylda og Gunnars hf.**

**Staðsetning er frábær miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu og stutt í frábær útivistarsvæði, sem og alla þjónustu.**



#### RÚGAKUR - ÍBÚÐ MEÐ SÉRINNGANGI.

- Glæsileg 142,9 fm. íbúð á 1. hæð, 24,5 fm. geymsla.  
- Stórar svalir til suðurs. Sér stæði í bílageymslu.  
- Fataherbergi innaf hjónaherbergi.  
- Frábær staðsetning.  
- Stutt í skóla og leikskóla.

**44,9 millj.**



#### NAUSTABRYGGJA - 4RA HERBERGJA

Glæsileg 112,9 fm. útsýnisíbúð á 3. hæð með tvennum svölum og 20,5 fm. bílskur með mikilli lofthæð á sjávarkambinum í Bryggjuhverfinu. Íbúðin er öll hönnuð og innréttuð eftir teikningum innanhússarkitekts og er mjög vönduð og falleg í alla staði. Frábært sjávarútsýni.

**37,9 millj**

### 4RA- 6 HERBERGJA



#### HRÍSMÓAR- GARÐABÆ. 6 HERBERGJA

Mjög fin og björt 145,2 fm. íbúð á efstu hæð og í risi auk 29,1 fm. bílskur á jarðhæð. Tvennar rúmgóðar og skjólsælar svalir. Mikið útsýni af svölum, úr stofu og eldhúsi. Mikil lofthæð í hluta íbúðar. 5 herbergi og stór stofa. Eikarinnrétting í eldhúsi. Stutt í skóla og alla þjónustu.

**42,5 millj.**

### 4RA- 6 HERBERGJA



#### KÓPAVOGSBRAUT - KÓPAVOGI.

115,3 fm. hæð og risi ásamt 33,1 fm bílskur í þrjúbýlishúsi. Húsið var allt klætt að utan árið 2006. Íbúðin sem er nýmáluð skiptist m.a. í eldhús með eikarinnréttingu, stofu og borðstofu með gluggum á tvo vegu og 3 herbergi. Bílskurinn er innréttaður sem íbúðarherbergi í dag.

**41,5 millj.**



## FÍFUMÝRI

### Fífumýri - Garðabæ.

361,3 fm. einbýlishús á þremur hæðum með innbyggðum 59,2 fm. bílskur á frábærum stað neðst við opið svæði og með sjávarútsýni. Stórar verandir eru við húsið og hellulagðar stéttar og innkeyrsla með hitalögnum í. Þrjár samliggjandi stofur og er arinn í einni. Eldhús með vönduðum innréttingum. Fjöldi herbergja. Fataherbergi inn af hjónaherbergi. Full lofthæð í kjallara. Geymslur yfir húsinu um 57 fm. Frábær staðsetning. Verð 84,9 millj.

## ERLUÁS



### Erluás - Hafnarfirði.

Glæsilegt 267,0 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á frábærum útsýnisstað. Verulega aukin lofthæð er á efri hæð hússins, eða allt að 6,0 metrar og innfjell lýsing í loftum. Gríðarlega fallegt útsýni af efri hæð og af verönd útaf neðri hæð hússins. Bjartar og glæsilegar stofur. Mögulegt er að hafa allt að 5 svefnherbergi í húsinu. Lóðin er með stórum hellulagðri innkeyrslu og stéttum fyrir framan hús. Stór og skjólgóð viðaverönd er vestan við húsið og heitur pottur á henni. Verð 69,9 millj.

# Vegna mikillar sölu óskum við eftir öllum stærðum og gerðum eigna á söluskrá. Skoðum og metum samdægurs. Sanngjörn sölubóknun.

## Langamýri – Garðabæ.



Mjög gott 273,6 fm. einbýlishús á þremur hæðum með sér 3ja herbergja íbúð í kjallara auk 32,8 fm. bílskúrs með 32,8 fm. geymslu undir. Frábær staðsetning og verðlaunalóð með stórum veröndum. Eignin er frábærlega staðsett innst í botnlanga í gróinni og falletgri götu og mikið viðsýni er frá húsinu. Sex herbergi. Samliggjandi glæsilegar stofur. Húsið er í mjög góðu ástandi hið innra og ytra og hefur verið þó nokkuð endurnýjað nýlega.

**Verð 86,9 millj.**

## Barðastaðir 9. 4ra herbergja íbúð.



**Eignin verður til sýnis nk. miðvikudag frá kl. 17.30 -18.00**

Falleg 119,6 fm. íbúð að meðtalinni 12,6 fm. geymslu á 5. hæð í nýlegu sex hæða lyftuhúsi með glæsilegu útsýni. Íbúðin er í dag 3ja herbergja þar sem gert var eitt stórt herbergi úr tveimur en lítið mál að breyta aftur. Vestursvalir út af stofu. Einstakt útsýni yfir flóann og til Esjunnar. Íbúðinni fylgir sér stæði í bílageymslu.

**Verð 32,9 millj.**

Íbúð merkt 0501. Verið velkomin.

## SÉRBÝLI



### TJARNARMÝRI – SELTJARNARNESI.

Glæsilegt og virkilega vel skipulagt 250,9 fm. endaraðhús sem er tvær hæðir og kjallari að meðtöldum 32,0 fm. bílskúr á Seltjarnarnesi. Stórar og glæsilegar stofur og fjögur til fimm svefnherbergi. Ljósar viðarinnréttingar úr aski í eldhúsi. Mikil lofthæð á efri hæð. Full lofthæð í kjallara. Skjólsæl og afgirt viðarverönd til suðurs. Hitalagnir eru í innkeyrslu og stéttum fyrir framan húsið.

**74,9 millj.**

## SÉRBÝLI



### SKRÚÐÁS – GARÐABÆ.

